



Afbrot á höfuðborgarsvæðinu 2008

Dreifing tilkynntra brota eftir svæðum og reynsla íbúa af lögreglu, öryggi og afbrotum



Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

Afbrot á höfuðborgarsvæðinu 2008

Dreifing tilkynntra brota eftir svæðum og
reynsla íbúa af lögreglu, öryggi og
afbrotum

Upplýsinga- og áætlanadeild 2009

Snorri Örn Árnason
Rannveig Þórisdóttir

©2009 Höfundar

ISBN: 978-9979-9841-2-2

Öll réttindi áskilin.

Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósritun, ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta til eða í heild, nema að fengnu skriflegu leyfi höfunda og útgefenda.

Útgefandi: Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

www.lrh.is

Umsjón og ábyrgð: Upplýsinga- og áætlanadeild

Snorri Örn Árnason

Rannveig Þórisdóttir

Myndir: Júlíus Sigurjónsson, Foto.is sf.

Reykjavík, nóvember 2009

Inngangur lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu

Þriðja skýrsla lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu um dreifingu tilkynntra brota á höfuðborgarsvæðinu og reynslu íbúa af lögreglu, öryggi og afbrotum lítur nú dagsins ljós. Í skýrslunni er að finna ítarlegar upplýsingar um stöðu mála árið 2008 í samanburði við fyrri ár. Gildi skýrslunnar er mikið, bæði er hún heimild sem geymir upplýsingar um stöðu og þróun mála og er um leið mikilvægur vegvísir fyrir starfsmenn lögreglunnar og aðra sem vinna að því að auka öryggi og öryggistilfinningu íbúa og annarra.

Miklar breytingar urðu á árinu 2008 eins og allir þekkja. Erfitt er að fullyrða að þær breytingar sem urðu með versnandi efnahagsástandi eftir því sem leið á árið og síðan með hruni íslensku bankanna haustið 2008 megi merkja í þessari skýrslu. Ýmislegt bendir þó til þess að slæmt efnahagsástand hafi áhrif á afbrotatíðni og þá einkum auðgunarbrot. Í skýrslunni má sjá athyglisverðar upplýsingar m.a. um það að innbrotum og þjófnuðum tók að fjölga um mitt ár 2008 og jukust slík brot enn frekar eftir því sem leið á árið. Fjölgun auðgunarbrot skýrir að mestu þá fjölgun afbrota sem varð á árinu í samanburði við fyrri ár. Jákvæð þróun varð á mörgum öðrum brotasviðum, t.d. fækkaði ofbeldisbrotum á höfuðborgarsvæðinu árið 2008 eftir nokkuð stöðuga fjölgun síðustu ár. Sama má segja um eignaspjöll, þ.e. brot á borð við veggjakrot, rúðubrot o.fl.



Viðhorf íbúa á höfuðborgarsvæðinu til starfa lögreglu er sérstaklega ánægjulegt. Fram kemur í skýrslunni að yfir 90 prósent telja lögreglu skila mjög eða frekar góðu starfi í sínu hverfi við að stemma stigu við afbrotum. Yfir 70 prósent íbúa telja lögregluna vera mjög eða frekar aðgengilega. Vonir eru bundnar við það að breytt skipulag lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, þar sem enn meiri áhersla er lögð á sýnileika lögreglunnar, hverfa- og grenndarlöggæslu, nái að viðhalda og bæta við þennan góða árangur.

Nóvember 2009

Stefán Eiríksson, lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu.

Efnisyfirlit

HELSTU NIÐURSTÖÐUR	9
INNGANGUR.....	12
AÐFERÐIR OG GÖGN	14
RANNSÓKN Á VIÐHORFUM TIL LÖGREGLU OG REYNSLU AF AFBROTUM.....	15
AFBROT Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU	16
HEILDARFJÖLDI BROTA.....	17
AUÐGUNARBROT	21
KYNFERÐISBROT.....	25
OFBELDISBROT.....	27
EIGNASPJÖLL OG NYTJASTULDIR.....	30
FÍKNIEFNABROT	32
AFBROT EFTIR SVÆÐUM.....	34
LÖGREGLUSTÖÐ 1: HLÍÐAR - LAUGARDALUR - HÁALEITI.....	38
HLÍÐAR.....	40
LAUGARDALUR.....	42
HÁALEITI.....	43
LÖGREGLUSTÖÐ 2: HAFNARFJÖRÐUR - GARÐABÆR - ÁLFTANES.....	45
HAFNARFJÖRÐUR.....	47
GARÐABÆR	49
ÁLFTANES.....	50
LÖGREGLUSTÖÐ 3: KÓPAVOGUR - BREIÐHOLT	52
KÓPAVOGUR	54
BREIÐHOLT	56
LÖGREGLUSTÖÐ 4: MOSFELLSBÆR - ÁRBÆR - GRAFARVOGUR -	
GRAFARHOLT - NORÐLINGAHOLT - KJALARNES - KJÓS.....	58
MOSFELLSBÆR – KJALARNES – KJÓS.....	60
ÁRBÆR, GRAFARHOLT OG NORÐLINGAHOLT	62
GRAFARVOGUR	63
LÖGREGLUSTÖÐ 5: VESTURBÆR - MIÐBORG - SELTJARNARNES	65
VESTURBÆR.....	67
MIÐBORGIN	69
SELTJARNARNES.....	70

REYNSLA ÍBÚA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS AF LÖGREGLU OG AFBROTUM.....	72
VIÐHORF TIL STARFA LÖGREGLU OG AÐGENGI AÐ HENNI.....	72
HVAÐA BROT TELUR ÞÚ VERA MESTA VANDAMÁLID Í ÞÍNU HVERFI?	76
ÓTTI VIÐ AFBROT.....	78
REYNSLA AF AFBROTUM.....	85
SAMANBURÐUR MILLI SVÆÐA.....	90
OFBELDISBROT.....	92
FÍKNIEFNABROT	95
INNBROT	97
EIGNASPJÖLL	100
NYTJASTULDUR.....	103
SAMANTEKT	106
VIÐAUKI.....	108



Helstu niðurstöður

Í þessari skýrslu eru skoðaðar ólíkar upplýsingar um afbrot á höfuðborgarsvæðinu, viðhorf íbúa til lögreglu og mat þeirra á eigin öryggi. Annars vegar byggir skýrslan á opinberum gögnum um fjölda afbrota eftir svæðum á árunum 2006, 2007 og 2008, íbúafjölda, tekjum og félagslegum stuðningi. Hins vegar er byggt á niðurstöðum spurningalistakönnunar sem gerð var meðal íbúa höfuðborgarsvæðisins á vormánuðum 2009 þar sem spurt var um reynslu af afbrotum, viðhorf til lögreglu og mat á eigin öryggi. Hér eru helstu niðurstöður skýrslunnar dregnar saman.

- Kópavogur var fjölmennasta svæði umdæmisins árið 2008, en mest varð fjölgun íbúa í Árbæ, Grafarholti og Norðlingaholti auk Álftaness ef litið er til síðustu þriggja ára á undan.
- Hegningarlagabrot voru 10.528 árið 2008 og fjölgaði þeim nokkuð á höfuðborgarsvæðinu eða um 14 prósent sé litið til meðaltals áranna 2005-2007.
- Þegar tekin eru saman ofbeldisbrot, fíkniefnabrot, auðgunarbrot, eignaspjöll, nytjastuldir og kynferðisbrot árið 2008 sést að skráður fjöldi þessara brota var 10.677 sem er um 14 prósent fjölgun ef litið er til meðalfjölda þessara brota árin 2005-2007.
- Samanlögð fjölgun brota árið 2008 markast að verulegu leyti af fjölgun þjófnaða þá helst innbrota en þeim fjölgaði um tæplega fimmtung árið 2008 og voru 2.195.
- Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu skráði 905 fíkniefnabrot árið 2008 sem er veruleg fækkun frá fyrri árum en langmestur fjöldi þessara brota er varsla eða meðferð ávana- og fíkniefna. Þessi þróun skýrist einna helst af því að aukin áhersla var lögð á að rannsaka mál er varða innflutning fíkniefna og framleiðslu þeirra en þau eru jafnan færri og stærri í vöfum en mál er varða vörslu og neyslu fíkniefna.

- Tilkynnt var um 781 ofbeldisbrot árið 2008 eða 39 á hverja 10.000 íbúa sem er talsverð fækkun frá árinu á undan. Af ofbeldisbrotum voru minniháttar líkamsárásir (217. gr. alm. hgl.) tíðastar og eru flestir kærðra á aldrinum 18-25 ára.
- Tilkynningum um kynferðisbrot fækkaði árið 2008 frá árinu á undan en sé litið til meðalfjölda brotanna árin 2005-2007 fjölgaði þeim nokkuð. Skráð voru 185 kynferðisbrot á höfuðborgarsvæðinu árið 2008, þar af 49 nauðganir og 72 brot gegn börnum.
- Tilkynnt var um 1.998 eignaspjöll árið 2008 sem er fækkun frá árunum á undan. Aðallega var um að ræða minniháttar skemmdarverk eins og rúðubrot, veggjakrot og þess háttar.
- Lögreglustöðvar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu skiptast niður á fimm svæði. Flest brot áttu sér stað á svæði lögreglustöðvar 5, en innan þess svæðis eru Miðborg, Vesturbær og Seltjarnarnes. Fæst brot áttu sér hinsvegar stað á svæði lögreglustöðvar 2 sem nær yfir Hafnarfjörð, Garðabæ og Álftanes.
- Mun fleiri brot áttu sér stað í Miðborg Reykjavíkur en á öðrum svæðum höfuðborgarsvæðisins, en árið 2008 voru skráð 1.990 hegningarlagabrot í Miðborg. Mest varð fjölgun brota í Mosfellsbæ, á Kjalarnesi og í Kjós árið 2008 þegar litið er til meðalfjölda brota árin 2005-2007, en brotum fækkaði á Seltjarnarnesi og í Breiðholti.



Spurningakönnun var lögð fyrir íbúa höfuðborgarsvæðisins vorið 2009 þar sem spurt var um ánægju með störf lögreglu, reynslu af afbrotum og öryggistilfinningu. Helstu niðurstöður könnunarinnar verða reifaðar hér og samanburður við fyrri ár, en þetta er þriðja árið í röð sem þessi könnun er framkvæmd.

- Tæplega 91 prósent þátttakenda fannst lögregla almennt skila góðu starfi í sínu hverfi við að stemma stigu við afbrotum og jókst ánægjan frá síðustu könnun.

- Tæplega 74 prósent þeirra sem tóku afstöðu töldu lögregluna aðgengilega í sínu hverfi/svæði sem er aukning um sex prósentustig frá síðustu könnun.
- Spurt var hvaða afbrot þátttakendur teldu mesta vandamálið í sínu hverfi. Meira en helmingur nefndi innbrot sem er veruleg aukning frá síðustu könnun, en færri nefndu nú umferðarlagabrot eða 17 prósent og enn færri eignaspjöll eða rúm sjö prósent.
- Mikill meirihluti þátttakenda, eða tæplega 90 prósent, sagðist mjög eða frekar öruggur einn á gangi að næturlagi í sínu hverfi. Fleiri telja sig mjög örugga nú en í síðustu könnun.
- Þeim þátttakendum sem sögðust mjög eða frekar óöruggir væru þeir einir á gangi í miðborg Reykjavíkur fjölgaði frá fyrri könnunum.
- Um 63 prósent þátttakenda sögðust aldrei hafa verið í þannig aðstæðum að þeir hefðu talið líkur á að þeir yrðu fyrir afbroti árið 2008. Af þeim 37 prósentum sem sögðust einhvern tímann hafa verið í þannig aðstæðum nefndi meira en helmingur að þeir hafi óttast að verða fyrir innbroti sem er mun meira en í fyrri könnun.
- Innan við fjórðungur þátttakenda hafði orðið fyrir innbroti/þjófnaði, ofbeldi eða eignaspjöllum árið 2008. Flestir höfðu orðið fyrir eignaskemmdum eða 14,5 prósent þátttakenda.
- Um 71 prósent þátttakenda sagðist hafa tilkynnt innbrotið til lögreglu en 45 prósent eignaspjöllin og er hlutfall þeirra sem kærðu hærra en í síðustu könnun.
- Í heildina hafði ríflega þriðjungur þátttakenda samskipti við lögregluna af einhverjum ástæðum á síðustu 12 mánuðum.

Inngangur

Í þessari skýrslu er fjallað um tíðni afbrota á höfuðborgarsvæðinu árið 2008 og einnig um niðurstöður könnunar á viðhorfi íbúa höfuðborgarinnar til lögreglu, reynslu af afbrotum og öryggistilfinningu þeirra. Þetta er þriðja skýrslan af þessari tegund sem lögreglan á höfuðborgarsvæðinu gefur út. Markmiðið með henni er m.a. að halda árlega skrá yfir afbrot á höfuðborgarsvæðinu, mæla þróun í afbrotatíðni milli ára, gera samanburð eftir svæðum og tengja umfjöllunina við lýðfræðilegar upplýsingar og niðurstöður könnunar um upplifun íbúa af afbrotum.

Fyrri skýrslur hafa leitt í ljós að sterk tengsl eru milli dreifingar afbrota og íbúafjölda á svæðum höfuðborgarsvæðisins að Miðborginni frátalinni. Miðborgin var jafnframt það hverfi sem skar sig úr hvað varðar tíðni brota, en hærra hlutfall hegningarlagabrota á sér stað þar. Einnig hafa komið fram tengsl milli meðalatvinnutekna og félagslegrar aðstoðar annarsvegar og tíðni afbrota hinsvegar. Þá komu fram tengsl á milli fjölda hegningarlagabrota í hverfi og fjölda þeirra sem segjast mjög óöruggir þar.

Í þessari skýrslu eru skoðuð brot eftir vettvangi í nokkrum brotaflokkum innan umdæmis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu fyrir árið 2008 með samanburði við árin á undan og viðhorf og reynslu íbúa umdæmisins af afbrotum. Í fyrsta hluta skýrslunnar er fjallað um þróun í helstu brotaflokkum á höfuðborgarsvæðinu í heild. Í öðrum hluta skýrslunnar er fjallað um afbrot m.t.t. félagslegrar stöðu og íbúafjölda innan hvers svæðis. Í þriðja hluta er fjallað um niðurstöður rannsóknar á viðhorfum og reynslu íbúa höfuðborgarsvæðisins af afbrotum. Skoðaðar eru niðurstöður úr hverri spurningu fyrir sig og skoðuð viðhorf eftir kyni, aldri og búsetu. Í fjórða hluta skýrslunnar eru afbrot borin saman milli hverfa og leitast við að meta áhrif íbúafjölda á tíðni þeirra. Í samantekt eru niðurstöður skýrslunnar dregnar saman og leitast við að meta stöðu afbrota á höfuðborgarsvæðinu út frá þessum tveimur gagnasöfnum.



Aðferðir og gögn

Gögnin sem hér eru notuð byggja á tvenns konar upplýsingum. Annars vegar er um að ræða upplýsingar sem skráðar eru í gagnagrunna og halda utan um þau brot sem lögreglan hefur upplýsingar um (LÖKE) og hins vegar niðurstöður úr spurningalistakönnun sem veita innsýn í viðhorf og reynslu íbúa á höfuðborgarsvæðinu.

Í upplýsingum úr gagnagrunni lögreglu (LÖKE) eru talin öll þau brot sem tilkynnt eru til lögreglunnar á ákveðnu tímabili og skráð eru á embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Þegar hlutfall brota innan hverfa/svæða er reiknað er það gert út frá heildarfjölda brota hvort sem brotastaður er þekktur eða ekki. Yfirleitt er vettvangur brota þekktur og aðeins lítill hluti brota þar sem brotastaður er ekki þekktur. Í öllum tilvikum er tíðni brota skoðuð út frá vettvangi brotanna en ekki búsetu brotamanna.

Við túlkun á niðurstöðum þarf að hafa ýmsa fyrirvara í huga, svo sem hvað varðar skekkju í skráningu. Í LÖKE skrá margir aðilar og því er hætt við að skráning sé ekki alltaf eins. Einnig þarf að hafa það í huga að í LÖKE eru eingöngu upplýsingar um brot sem tilkynnt hafa verið til lögreglu eða lögregla fengið upplýsingar um með öðrum hætti. Þannig er ekki um að ræða tæmandi lista yfir öll brot sem framin eru á höfuðborgarsvæðinu. Loks ber að taka fram að tölur fyrir 2005 og 2006 voru teknar úr skýrslunni sem var gefin út árið 2007, en þar var ekki gerð sundurgreining á brotaflokkum líkt og gert er hér í kaflanum um afbrot á höfuðborgarsvæðinu. Tölur fyrir frekari greiningu á brotaflokkum fyrir árin 2005 og 2006 voru því teknar úr gagnagrunni lögreglu mun síðar og skýrir það skekkjur sem kunna að vera á samtölum. Þá ber að hafa í huga að við útreikninga á meðalfjölda brota er miðað við einn aukastaf og er hver tala námunduð að næstu heilu tölu. Vegna þessa getur verið örlítið misræmi í birtri samtölu og summu einstakra talna. Eins geta áhrif af aukastöfum í útreikningum á hlutfallstölum leitt til þess að samtalan er ekki alltaf 100 prósent.

Til að tákna breytingar á fjölda brota eru notaðir litir sem gefa til kynna hvernig þróunin er í ljósi markmiða embættisins um fimm prósentu fækkun brota á ári hverju. Fjöldi brota er borinn saman við meðaltal þriggja ára

tímabils á undan. **Blár** litur táknar að markmiðunum hefur verið náð, þ.e. brotum fækkar um fimm prósent eða meira, **grænn** táknar að um fækkun brota er að ræða en hún er innan við fimm prósent og **rauður** táknar að brotum fjölgar og aðgerða er þörf. Þó ber að hafa í huga að lögregla og yfirvöld eru misvel í stakk búin til að hafa áhrif á afbrotatiðni eftir því hvaða brot eiga í hlut.

Gögn um mannfjölda á höfuðborgarsvæðinu árið 2008 byggja á upplýsingum frá Hagstofu Íslands og er íbúafjöldi miðaður við árslok ár hvert. Upplýsingar um meðalatvinnutekjur eru einnig fengnar frá Hagstofu Íslands og byggja á upplýsingum úr skattframtölum einstaklinga vegna tekna árið 2008. Meðalatvinnutekjur eru beinar skattskyldar launatekjur fyrir vinnuframlag í aðalstarfi auk dagpeninga, ökutækjastyrks og annarra hlunninda. Yngri en 12 ára teljast ekki hafa atvinnutekjur.

Gögn um fjárhagslega og félagslega aðstoð og fjölda félagslegra íbúða voru fengin frá Velferðarsviði Reykjavíkurborgar og starfsmönnum félagsþjónustu sveitarfélaganna.

Rannsókn á viðhorfum til lögreglu og reynslu af afbrotum

Spurningalistakönnunin var í formi símaviðtala sem fóru fram dagana 3. til 29. apríl 2009, en Capacent Gallup annaðist gagnaöflun. Úrtak var valið með tilviljunaraðferð úr þjóðskrá íbúa á höfuðborgarsvæðinu 18 til 75 ára. Um 2.000 einstaklingar voru í endanlegu úrtaki en af þeim tóku 1.245 þátt í könnuninni, svarhlutfall var því um 62 prósent.

Leitast var við að fá upplýsingar um viðhorf þátttakenda til lögreglu, ótta við afbrot og reynslu þátttakenda af innbrotum, eignaspjöllum og ofbeldi á síðustu 12 mánuðum og hvort brotin voru tilkynnt til lögreglunnar.



Afbrot á höfuðborgarsvæðinu

Íbúafjöldi á höfuðborgarsvæðinu fór yfir 200 þúsund við árslok 2008, en á síðustu árum hefur íbúum fjölgað árlega um tvö til þrjú prósent (tafla 1). Um 63 prósent landsmanna bjó á höfuðborgarsvæðinu og um 38 prósent í Reykjavík. Af nágrannasveitarfélögum Reykjavíkur var Kópavogur fjölmennastur með tæplega 30 þúsund íbúa og þá Hafnarfjörður með tæplega 26 þúsund. Í Kópavogi fjölgaði íbúum um 2.409 manns árið 2008 samanborið við meðal íbúafjölda árána á undan. Kjósinn var fámennasta sveitarfélagið með 196 íbúa, en næst fámennast var Álftanes með ríflega 2.500 íbúa. Á Álftanesi og í Árbæ, Grafarholti og Norðlingaholti varð fjölgun íbúa hlutfallslega mest (tafla 1).

Tafla 1. Fjöldi íbúa á höfuðborgarsvæðinu 2007 og 2008 greint eftir svæðum.

	Meðaltal	Fjöldi		% af heild '08	Frávik frá '05-'07	
	'05-'07	2007	2008		2008	% 2008
Vesturbær	16.025	16.156	16.406	8,2	381	2,4
Miðborg	8.098	8.195	8.433	4,2	335	4,1
Hlíðar	10.901	10.966	11.205	5,6	304	2,8
Laugardalur	13.306	13.320	13.464	6,7	158	1,2
Háaleiti	13.685	13.734	13.912	6,9	227	1,7
Árbær - Grafar- og Norðlingaholt	14.139	15.152	15.593	7,8	1.454	10,3
Breiðholt	20.809	20.942	21.155	10,5	346	1,7
Grafarvogur	18.169	18.133	18.133	9,0	-36	-0,2
Mosfellsbær - Kjalarnes - Kjós	8.738	9.263	9.481	4,7	743	8,5
Kópavogur	27.567	28.665	29.976	14,9	2.409	8,7
Seltjarnarnes	4.463	4.446	4.403	2,2	-60	-1,3
Garðabær	9.644	9.931	10.358	5,2	714	7,4
Hafnarfjörður	23.715	24.895	25.850	12,9	2.135	9,0
Álftanes	2.284	2.372	2.518	1,3	234	10,2
Samtals	191.542	196.170	200.887	100,0	9.345	4,9


Tafla 2 sýnir aldurssamsetningu íbúa höfuðborgarsvæðisins árið 2008 og breytingar miðað við meðaltal árána á undan. Fram kemur að 29 prósent íbúa var 20 ára eða yngri og ríflega fjórðungur íbúa var eldri en 50 ára. Einnig sést að íbúum á aldrinum 18-20 ára fjölgaði mest eða um 14,5 prósent (tafla 2).

Tafla 2. Fjöldi íbúa á höfuðborgarsvæðinu 2007 og 2008 og frávik frá meðaltali.

	Meðaltal	Fjöldi		% af heild '08	Frávik frá '05-'07	
	'05-'07	2007	2008		2008	% 2008
14 ára og yngri	40.316	40.456	40.976	20,4	660	1,6
15-20 ára	16.184	16.789	17.364	8,6	1.180	7,3
- þar af 15-17 ára	8.399	8.479	8.451	4,2	52	0,6
- þar af 18-20 ára	7.786	8.310	8.913	4,4	1.127	14,5
21-30 ára	29.557	30.442	31.774	15,8	2.217	7,5
31-40 ára	27.870	28.669	29.255	14,6	1.385	5,0
41-50 ára	27.231	27.897	28.032	14,0	801	2,9
51-70 ára	35.225	36.570	38.038	18,9	2.813	8,0
71 árs eldri	15.159	15.347	15.448	7,7	289	1,9
Samtals	191.542	196.170	200.887	100,0	9.345	4,9

Heildarfjöldi brota


Á mynd 1 má sjá heildarfjölda brota eftir tegund brots. Fram kemur að hegningarlagabrotum hefur fjölgað lítillega síðustu ár en þau fara úr 8.657 brotum árið 2005 í 10.528 brot árið 2008. Ef árið 2008 er borið saman við meðaltal árunna 2005-2007 hefur hegningarlagabrotum fjölgað um 14 prósent. Á sama tíma fækkar sérrefsilagabrotum (öðrum brotum en umferðarlagabrotum) hins vegar nokkuð eða úr 3.303 brotum árið 2005 í



Mynd 1. Fjöldi brota 2005-2008 eftir tegund brots.

2.066 brot árið 2008. Þegar meðaltal áráanna 2005-2007 er tekið saman sést að þessum brotum hefur fækkað um rúman þriðjung. Fækkun fíkniefnabrota skýrir að miklu leyti þessa fækkun sérreksilagabrota. Fjöldi umferðarlagabrota sveiflast hins vegar meira á því tímabili sem skoðað er hér því þeim fjölga og fækkar á víxl milli ára. Fjöldinn árið 2008 er þó nánast sá sami að meðaltali árin 2005 til 2007.

Á mynd 2 má sjá hvernig fjöldi brota í tilteknum brotaflokkum hefur þróast síðustu þrjú árin. Mest áberandi er aukinn fjöldi auðgunarbrot árið 2008 samanborið við fyrri ár. Árið 2008 voru 6.513 auðgunarbrot tilkynnt til lögreglu og er það rúmlega þriðjungu meira en þegar meðaltal áráanna 2005-2007 er tekið saman (tafla 3). Þar af voru innbrot 2.195 og er það nálægt fimmtungi meira en árin á undan. Fíkniefnabrot voru 905 árið 2008, sem er veruleg fækkun samanborið við árin á undan.




Mynd 2. Fjöldi brota á höfuðborgarsvæðinu árið 2008.

Eignaspjöll voru 1.998 árið 2008 sem er fækkun annað árið í röð, en ef borið er saman við meðaltal árána 2005-2007 fjölga þeim lítilsháttar. Nyttjastuldir voru 295 árið 2008 og er það fækkun um rúm fjögur prósent frá árunum á undan. Kynferðisbrotum fækkaði frá árinu á undan og voru þau 185 árið 2008, en samanborið við meðaltal árána á undan fjölga þeim um 13 prósent (tafla 3).

Tafla 3. Fjöldi brota á höfuðborgarsvæðinu 2006-2008 og frávik frá meðaltali.

	Fjöldi		Meðaltal		Frávik frá '05-'07	
	2006	2007	2008	'05-'07	Fjöldi	%
Ofbeldisbrot	829	925	781	801	-20,3	-2,5%
Fíkniefnabrot	1.398	1.286	905	1.260	-355,0	-28,2%
Auðgunarbrot	5.152	4.882	6.513	4.819	1.694,3	35,2%
- þar af innbrot	1.897	1.882	2.195	1.844	351,3	19,1%
Eignaspjöll	2.307	2.132	1.998	1.921	77,3	4,0%
Nyttjastuldur	367	341	295	308	-13,0	-4,2%
Kynferðisbrot	147	197	185	164	21,3	13,0%
Samtals	10.200	9.763	10.677	9.272	1.404,7	15,1%


Þegar ofantaldir brotaflokkar eru skoðaðir sést að fjölgun hegningarlagabrota árið 2008 á höfuðborgarsvæðinu má rekja að verulegu leyti til mikillar fjölgunar auðgunarbrot. Í öðrum brotaflokkun er um



Mynd 3. Fjöldi brota á höfuðborgarsvæðinu 2006-2008 miðað við 10.000 íbúa

fækkun eða óverulega fjölgun að ræða.


Tilkynnt var um 324 auðgunarbrot á hverja 10.000 íbúa á höfuðborgarsvæðinu, þar af 109 innbrot, en á sama tíma voru skráð 99 eignaspjöll (mynd 3). Þegar skoðuð er hlutfallsleg breyting á fjölda brota árið 2008 frá meðalfjölda brota árin 2005-2007 miðað við 10.000 íbúa, sést að auðgunarbrotum fjölgaði um tæp 29 prósent, innbrotum um rúm 15 prósent og kynferðisbrotum um tæp 11 prósent. Fíkniefnabrotum fækkaði um tæplega 32 prósent miðað við 10.000 íbúa og ofbeldisbrotum um rúm átta prósent (mynd 4).



Mynd 4. Hlutfallslegt frávik brota á höfuðborgarsvæðinu 2008 frá meðaltali miðað við 10.000 íbúa eftir brotaflokkum.

Þegar fjöldi kærðra einstaklinga er skoðaður kemur í ljós að árið 2008 voru 3.448 kærðir fyrir hengingarlagabrot, 1.561 fyrir sérrefsilagabrot önnur en umferðarlagabrot og 15.574 fyrir umferðarlagabrot. Karlmenntu eru mun líklegri en konur til að vera kærðir fyrir brot. Þannig voru þeir tæplega 87 prósent kærðra fyrir sérrefsilagabrot, rúmlega 78 prósent kærðra fyrir hengingarlagabrot og 70 prósent kærðra fyrir umferðarlagabrot.

Athyglisvert er að skoða aldursdreifingu kærðra árið 2008. Eins og fram kemur á mynd 5 eru hlutfallslega flestir þeirra sem kærðir voru fyrir hegningarlögabrot á aldrinum 16 til 18 ára. Þeir sem voru kærðir fyrir sérrefsilögabrot voru ívið eldri eða 20 til 21 árs en hins vegar er fólk á öllum aldri kært fyrir umferðarlögabrot.



Mynd 5. Aldursdreifing kærðra árið 2008, greint eftir tegund brots.

Auðgunarbrot


Auðgunarbrot er sá brotaflokkur hegningarlögganna sem er langfyrirferðarmestur. Undir þennan flokk falla mörg af þeim brotum sem framin eru til fjárhagslegs ávinnings. Þar af eru þjófnaðir algengustu

Tafla 4. Fjöldi auðgunarbrota á höfuðborgarsvæðinu 2008 og breytingar þar á.

	Meðaltal		Frávik frá meðaltali	
	'05-'07	2008	2008	% 2008
Þjófnaður	2.378	3.546	1.168,0	49,1
Innbrot	1.844	2.195	351,3	19,1
Rán	46	39	-6,7	-14,6
Hylming	91	149	57,7	63,1
Gripdeild	95	75	-20,3	-21,3
Fjársvik	276	415	138,7	50,2
Fjárdráttur	46	67	21,3	46,7
Auðgunarbrot - Ýmislegt	43	27	-15,7	-36,7
Samtals	4.819	6.513	1.694,3	35,2


brotin. Tilkyningar um auðgunarbrot voru 6.513 sem er ríflega þriðjung fleiri en að meðaltali árin 2005-2007 (tafla 4). Það jafngildir því að á árinu hafi verið tilkynnt um 543 auðgunarbrot í hverjum mánuði, eða um 18 brot daglega.

Árið 2008 voru 3.546 þjófnaðir tilkynntir til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu sem er um helmingisaukning frá árinu áður (mynd 6) og eins ef borið er saman við meðaltal ára 2005-2007 (tafla 4). Tilkynnt var um 2.195 innbrot sem er um fimmtungi fleiri en að meðaltali síðustu þrjú árin. Það þýðir að á árinu 2008 hafa verið framin að meðaltali 183 innbrot í hverjum mánuði, eða sex innbrot dag hvern. Fjársvikum, fjárdráttum og hylmingum fjölgaði einnig árið 2008, ekki síst í samanburði við meðaltal þriggja síðustu ára á undan (tafla 4).




Mynd 6. Fjöldi auðgunarbrota á höfuðborgarsvæðinu 2006-2008.

Tilkynnt var um 39 rán til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu árið 2008 og fækkaði þeim miðað við fjölda brota árin á undan. Gripdeildum fækkaði sömuleiðis samanborið við síðustu þrjú ár á undan. Mynd 7 sýnir hlutfallslega breytingu á fjölda brota á þessu tímabili miðað við 10.000 íbúa.




Mynd 7. Hlutfallslegt frávík auðgunarbrota árið 2008 frá meðaltali áranna 2005-2007 m.v. 10.000 íbúa.



Mynd 8. Þróun á fjölda þjófnaða og innbrota eftir mánuðum árið 2008.


Athyglivert er að skoða þróun þjófnaða og innbrota árið 2008 eftir mánuðum, en stígandi var í tilkynningum um þjófnaði frá upphafi árs með áberandi uppsveiflum í mars, ágúst og október. Fjöldi innbrota hélst hinsvegar jafn fram á mitt ár, en í júlímánuði fjölgaði innbrotum jafnt og þétt til ársloka (mynd 8).

Árið 2008 átti þriðjungur innbrota sér stað í íbúðarhúsnæði og þriðjungur í ökutæki. Rúm 15 prósent innbrota voru í fyrirtæki en um sjö prósent í verslanir og önnur sjö prósent í stofnanir (mynd 9).



Mynd 9. Hlutfallsleg dreifing innbrota eftir vettvangi árið 2008.

Árið 2008 voru 1.874 einstaklingar kærðir fyrir auðgunarbrot hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, flestir voru kærðir fyrir þjófnaði eða 1.530 einstaklingar. Almennt eru mun fleiri karlar en konur kærðir fyrir brot og eru þjófnaðir þar engin undantekning en um 30 prósent kærðra voru konur. Í þjófnaðarmálum voru flestir kærðir fyrir hnúpl (789 einstaklingar) og innbrot (308 einstaklingar), mynd 10 sýnir aldursdreifingu þeirra. Fram kemur að þeir sem kærðir voru fyrir hnúpl voru flestir ívið yngri en þeir sem kærðir voru fyrir innbrot. Þannig voru hlutfallslega flestir þeirra sem kærðir voru fyrir hnúpl 15 eða 16 ára en hlutfallslega flestir þeirra sem kærðir voru fyrir innbrot voru 17 eða 18 ára.



Mynd 10. Hlutfall kærðra fyrir innbrot og hnúpl árið 2008, greint eftir aldri.


Kynferðisbrot

Árið 2008 fjölgaði tilkynningum um kynferðisbrot um 13 prósent samanborið við meðaltal síðustu þriggja ára á undan (tafla 5). Þar vegur þyngst að tilkynningum um kynferðisbrot gegn börnum fjölgar um tæplega 64 prósent, voru 44 að meðaltali árin 2005-2007 og fóru í 72 árið 2008. Hinsvegar fækkaði tilkynningum um nauðganir - þvinganir (194. og 195. gr. alm. hgl.) árið 2008 um fjórðung frá meðaltali síðustu þriggja ára á undan. Tilkynningar vegna nauðgunar - misneytingar (196.-199. gr. alm. hgl.) voru 13 árið 2008 og fækkaði einnig samanborið við meðaltal árána 2005-2007


Tafla 5. Fjöldi kynferðisbrota á höfuðborgarsvæðinu 2008 og breytingar þar á.

	Meðaltal		Frávik frá meðalt.	
	'05-'07	2008	2008	% 2008
Nauðgun - þvingun (194.-195. gr.)	48	36	-12,0	-25,0
Nauðgun - misneyting (196.-199. gr.)	15	13	-2,3	-15,2
Kynferðisbrot gegn börnum	44	72	28,0	63,6
Klám/barnaklám	18	20	1,7	9,1
Vændi	3	2	-1,3	-40,0
Sifjaspell (200. gr.)	6	11	5,3	94,1
Kynferðisbrot, annað	29	31	2,0	6,9
Samtals	164	185	21,3	13,0

(tafla 5). Brot tengd klámi eða barnaklámi voru 20 sem er fimm brotum færri en árið á undan, en tveimur brotum meira en að meðaltali árin 2005-2007. Árið 2008 fækkaði brotum tengdum vændi miðað við þrjú síðustu ár, en á sama tíma fjölgaði tilkynningum um sífjaspell (tafla 5). Mynd 12 sýnir hlutfallslega breytingu á fjölda brota á þessu tímabili miðað við 10.000 íbúa.




Mynd 11. Fjöldi kynferðisbrota á höfuðborgarsvæðinu 2006-2008.



Mynd 12. Hlutfallslegt frávik kynferðisbrota árið 2008 frá meðaltali árunna 2005-2007 m.v. 10.000 íbúa.

Árið 2008 voru 155 einstaklingar kærðir fyrir kynferðisbrot, 149 karlar og sex konur. Flestir voru kærðir fyrir mök við barn yngra en 15 ára (30 einstaklingar), nauðgun (27 einstaklingar) og misneytingu (20 einstaklingar). Þá voru 18 einstaklingar kærðir fyrir áreitni við barn yngra en 15 ára og 16 fyrir vörslu á barnaklámi. Í öllum tegundum kynferðisbrota eru nánast eingöngu karlmenn kærðir.




Mynd 13. Hlutfall kærðra fyrir kynferðisbrot árið 2008, greint eftir aldri.

Þar sem ekki er um marga einstaklinga að ræða þá koma fram nokkrar sveiflur er aldur kærðra er skoðaður (mynd 13). Þó má merkja að hlutfallslega flestir kærðu voru á aldrinum 20 til 30 ára þegar brot átti sér stað.


Ofbeldisbrot

Eftir nokkuð stöðuga fjölgun ofbeldisbrota síðustu ár fækkaði ofbeldisbrotum árið 2008 en tilkynnt var um 780 slík brot til lögreglunnar. Þar munar mest um verulega fækkun minniháttar líkamsárása (217. gr. alm. hgl.) sem voru 625 talsins árið 2008 en 781 árið áður. Þá voru meiriháttar eða stórfelldar líkamsárásir (218. gr. alm. hgl.) 103 talsins árið 2008 eða næstum fimmtungi færri en að meðaltali árin 2005-2007. Öðrum líkamsmeiðingum, þar sem lífi eða heilsu er stefnt í háska eða vegna gáleysis, fjölga hinsvegar milli ára en tilkynnt var um 50 slík brot árið 2008 sem er ríflega tvöfalt meira en að meðaltali árin 2005-2007 (tafla 6). Mynd

15 sýnir hlutfallslega breytingu á fjölda brota á þessu tímabili miðað við 10.000 íbúa.



Mynd 14. Fjöldi ofbeldisbrota á höfuðborgarsvæðinu 2006-2008.




Mynd 15. Hlutfallslegt frávik ofbeldisbrota árið 2008 frá meðaltali árána 2005-2007 m.v. 10.000 íbúa.

Tafla 6. Fjöldi ofbeldisbrota á höfuðborgarsvæðinu 2008 og breytingar þar á.

	Meðaltal		Frávik frá meðalt.	
	'05-'07	2008	2008	% 2008
Líkamsárás, minniháttar	638	625	-13,0	-2,0
Líkamsárás, meiriháttar/stórfelld	134	103	-31,3	-23,3
Líkamsárás, annað	24	50	25,7	105,5
Manndráp	1	0	-1,3	-100,0
Tilraun til manndráps	3	2	-1,3	-40,0
Samtals	801	780	-21,3	-2,7

Árið 2008 voru 769 einstaklingar kærðir fyrir ofbeldisbrot, flestir fyrir líkamsárás, minniháttar (615 einstaklingar) og meiriháttar eða stórfellda árás (127 einstaklingar). Líkt og með kynferðisbrotin eru konur í miklum minnihluta kærðra vegna ofbeldisbrota og má sem dæmi nefna að 88 prósent kærðra vegna minniháttar líkamsárása voru karlmenn og 97 prósent kærðra vegna meiriháttar eða stórfelldra líkamsárása.




Mynd 16. Hlutfall kærðra fyrir líkamsárás árið 2008, greint eftir aldri.

Mynd 16 sýnir aldursdreifingu þeirra sem kærðir voru fyrir líkamsárás árið 2008 greint eftir alvarleika árásarinnar. Fram kemur að hlutfallslega flestir voru á aldrinum 18 til 25 ára þegar þeir voru kærðir.

Eignaspjöll og nytjastuldir

Árið 2008 var tilkynnt um 1.998 eignaspjöll til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, sem er fækkun brota frá árinu 2007 (mynd 17), en fjölgun ef litið er til meðalfjölda brota síðustu þriggja ára á undan (tafla 7). Oftast var tilkynnt um minniháttar eignaspjöll eða 1.960 sinnum árið 2008. Þar af var tilkynnt um 629 rúðubrot og 230 veggjakrotsmál sem er um fimmtungs fækkun frá meðaltali áranna 2005-2007 (tafla 7).




Mynd 17. Fjöldi eignaspjalla á höfuðborgarsvæðinu 2006-2008.

Tafla 7. Fjöldi eignaspjalla á höfuðborgarsvæðinu 2008 og breytingar þar á.

	Meðaltal		Frávik frá meðalt.	
	'05-'07	2008	2008	% 2008
Eignaspjöll (Minniháttar skemmdarverk)	1.887	1.960	72,7	3,9
- þar af rúðubrot*	768	629	-138,5	-18,0
- þar af veggjakrot*	284	230	-54,0	-19,0
Eignaspjöll (Meiriháttar skemmdarverk)	33	38	4,7	14,0
Nytjastuldur vélknúinna farartækja	308	295	-13,0	-4,2
Samtals	2.229	2.293	64,3	2,9


* Tekið er meðaltal af árunum 2006-2007 vegna skráningar.

Mynd 18 sýnir hlutfallslega breytingu á fjölda brota á þessu tímabili miðað við 10.000 íbúa.



Mynd 18. Hlutfallslegt frávik eignaspjalla árið 2008 frá meðaltali árána 2005-2007 m.v. 10.000 íbúa.

631 einstaklingur voru kærðir fyrir eignaspjöll og 147 fyrir nytjastuld árið 2008. Mikill meirihluti kærðra voru karlmenn eða rúmlega 90 prósent þeirra sem kærðir voru fyrir eignaspjöll og tæplega 77 prósent þeirra sem kærðir voru fyrir nytjastuld. Ef eignaspjöll eru skoðuð nánar kemur í ljós að 189 einstaklingar voru kærðir vegna rúðubrots og 64 vegna veggjakrots.




Mynd 19. Hlutfall kærðra fyrir eignaspjöll greint eftir tegund brots og aldri.

Þegar aldursdreifing kærðra vegna eignaspjalla er skoðuð vekur athygli hátt hlutfall barna sem kærð voru fyrir veggjakrot. Þannig voru tæplega 27 prósent kærðra fyrir veggjakrot árið 2008 14 ára og samtals rúmlega 84 prósent yngri en 18 ára. Þessi dreifing er ekki eins skýr þegar horft er til rúðubrota en um 28 prósent kærðra var yngri en 18 ára þegar brotið var framið (mynd 19).

Fíkniefnabrot

Árið 2008 voru skráð 905 fíkniefnabrot hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu sem er veruleg fækkun frá fyrri árum (tafla 8).




Mynd 20. Fjöldi fíkniefnabrota á höfuðborgarsvæðinu 2006-2008.

Brot á lögum um vörslu og meðferð ávana- og fíkniefna voru 678 árið 2008 sem er nokkur fækkun brota frá árinu á undan. Hinsvegar fjölgaði brotum vegna framleiðslu fíkniefna verulega og voru 37 brot skráð árið 2008. 70 brot voru skráð vegna sölu og dreifingar fíkniefna árið 2008 eða svipað og árið á undan. Brot tengd innflutningi á fíkniefnum voru 49 talsins árið 2008 sem er lítilsháttar fækkun. Loks fjölgaði ýmsum öðrum

fíkniefnabrotum lítilega (tafla 8). Mynd 21 sýnir hver er hlutfallsleg breyting á fjölda brota á þessu tímabili miðað við 10.000 íbúa.

Tafla 8. Fjöldi fíkniefnabrota á höfuðborgarsvæðinu 2008 og breytingar þar á.

	Meðaltal		Frávik frá meðalt.	
	'05-'07	2008	2008	% 2008
Varsla og meðferð ávana- og fíkniefna	1.076	678	-397,7	-37,0
Sala og dreifing fíkniefna	51	70	19,0	37,3
Flutningur fíkniefna milli landa	52	49	-2,7	-5,2
Framleiðsla fíkniefna	15	37	22,3	152,3
Ýmis fíkniefnabrot	67	71	4,0	6,0
Samtals	1.260	905	-355,0	-28,2



Mynd 21. Hlutfallslegt frávik fíkniefnabrota árið 2008 frá meðaltali árána 2005-2007 m.v. 10.000 íbúa.




Afbrot eftir svæðum


Hér á eftir verður fjallað um hvert svæði höfuðborgarsvæðisins fyrir sig þar sem fram koma upplýsingar um fjölda afbrota sem tilkynnt voru til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu á árunum 2004 til 2008 og áttu sér stað innan umdæmisins. Þá er fjallað um helstu einkenni hvers svæðis hvað varðar fjölda íbúa, aldursskiptingu íbúa, fjölda einstaklinga og fjölskyldna sem fá fjárhagslega aðstoð, fjölda félagslegra íbúða í hlutfalli af heildaríbúðafjölda og meðalatvinnutekjur íbúa árið 2008.

Í maí árið 2009 var ný svæðaskipting lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu tekin í notkun þar sem umdæminu var skipt upp á milli fimm lögreglustöðva. Við skiptinguna voru sameinuð nokkur af fyrri svæðum m.a. með hliðsjón af íbúafjölda og dreifingu á fjölda brota (mynd 22). Lögreglustöð 1 er til húsa við Hverfisgötu í Reykjavík og hefur hún umsjón með Hlíðum, Háaleiti og Laugardal. Lögreglustöð 2 er staðsett á Flatahrauni 11 í Hafnarfirði og tekur til Hafnarfjarðar, Garðabæjar og Álftaness. Lögreglustöð 3 er á Dalvegi 18 í Kópavogi og nær yfir Kópavog og Breiðholt. Lögreglustöð 4 er á Krókhálsi 5b en einnig er rannsóknardeild staðsett á Völuteigi 8 í Mosfellsbæ. Löggæslusvæðið samanstendur af Árbæ, Grafarvogi, Grafarholti, Norðlingaholti, Mosfellsbæ, Kjalarnesi og Kjós. Lögreglustöð 5 heldur utan um Miðborgina, Seltjarnarnes og Vesturbæ en hún er til húsa í lögreglustöðinni við Hverfisgötu.

Í skýrslunni er gerð grein fyrir tíðni afbrota á ofangreindum fimm svæðum lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, en jafnframt á þeim svæðum sem tilheyra þeim og voru tilgreind hér á undan. Reykjavíkurborg er skipt opinberlega upp í 10 hverfi en hér er skiptingin aðeins frábrugðin opinberri skiptingu. Árbær, Grafarholt og Norðlingaholt eru tekin saman í eitt hverfi og Kjalarnes og Kjós teljast með Mosfellsbæ. Að öðru leyti er skiptingin eins og hjá Reykjavíkurborg. Höfuðborgarsvæðinu er því skipt í 14 svæði, átta tilheyra Reykjavík en hin sex skiptast eftir sveitarfélagsnúmeri hvers bæjarfélags.



Mynd 22. Skipting umdæmis lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.



Mynd 23. Fjöldi hegningarlagabrota 2008 annars vegar eftir lögreglustöðvum og hins vegar eftir svæðum.

Mynd 23 sýnir hvernig hegningarlagabrot á höfuðborgarsvæðinu árið 2008 skiptust eftir svæðum. Mestur var fjöldinn á svæði lögreglustöðvar 5 eða hátt í 2.700 brot, en innan þess svæðis er Miðborgin þar sem fjöldi hegningarlagabrota er mestur (1.990 brot) og Seltjarnarnes þar sem hann er næst minnstur (78 brot) af höfuðborgarsvæðinu öllu. Minnstur var fjöldinn á svæði lögreglustöðvar 2, en innan þess er Álftanes með lægstan fjölda hegningarlagabrota á höfuðborgarsvæðinu og Hafnarfjörður með fjórða hæsta fjöldann.

Í þessari skýrslu er sjónum beint sérstaklega að ofbeldisbrotum, fíkniefnabrotum, auðgunarbrotum, eignaspjöllum, nytjastuldum og kynferðisbrotum. Í töflu 9 eru þessi brot tekin saman og sést þá að fjöldi þeirra var hæstur í Miðborginni árið 2008, en lægstur á Álftanesi. Á Seltjarnarnesi fækkaði brotum hlutfallslega mest samanborið við meðalfjölda brota á árunum 2005-2007 en einnig varð fækkun brota í

Breiðholti. Á öllum öðrum svæðum er um fjölgun brota að ræða á tímabilinu. Í Hlíðum og á Álftanesi fjölgaði brotum hinsvegar hlutfallslega mest (tafla 9).

Tafla 9. Fjöldi brota eftir svæðum 2006-2008 og frávik frá meðaltali.

	Fjöldi			Meðaltal Frávik frá '05-'07		
	2006	2007	2008	'05-'07	Fjöldi	%
Lögreglustöð 1	2.194	2.311	2.552	2.102	450,0	21,4%
Laugardalur	930	909	1.087	884	202,7	22,9%
Háaleiti	702	760	755	689	66,0	9,6%
Hlíðar	562	642	710	529	181,3	34,3%
Lögreglustöð 2	1.168	1.151	1.202	1.104	98,0	8,9%
Hafnarfjörður	824	892	864	808	56,0	6,9%
Garðabær	320	228	297	266	30,7	11,5%
Álftanes	24	31	41	30	11,3	38,2%
Lögreglustöð 3	2.327	1.971	2.192	2.061	130,7	6,3%
Kópavogur	1.202	1.127	1.319	1.142	176,7	15,5%
Breiðholt	1.125	844	873	919	-46,0	-5,0%
Lögreglustöð 4	1.588	1.540	1.789	1.449	339,7	23,4%
Grafarvogur	669	742	824	649	174,7	26,9%
Árbær	542	472	534	478	56,0	11,7%
Grafarholt og Norðlingaholt	88	75	90	87	3,3	3,8%
Mosfellsbær, Kjalarnes og Kjós	289	251	341	235	105,7	44,9%
Lögreglustöð 5	2.735	2.458	2.757	2.400	357,3	14,9%
Miðborg	1.982	1.839	2.058	1.781	277,3	15,6%
Vesturbær	628	513	626	512	114,0	22,3%
Seltjarnarnes	125	106	73	107	-34,0	-31,8%
Samtals	10.012	9.431	10.492	9.116	1.375,7	15,1%
Önnur svæði	188	332	185	156	29,0	18,6%
Samtals	10.200	9.763	10.677	9.272	1.404,7	15,1%




Lögreglustöð 1: Hlíðar - Laugardalur - Háaleiti

Svæði lögreglustöðvar 1 nær yfir Hlíðar, Háaleiti og Laugardal. Íbúar á svæðinu voru 38.581 við árslok 2008 eða um 19 prósent íbúa höfuðborgarsvæðisins og gerir það svæðið næst minnst af löggæslusvæðunum fimm. Um fjórðungur íbúanna var á aldrinum 20 ára og yngri en annars er aldursdreifing íbúa á svæðinu nokkuð jöfn. Árið 2008 fjölgaði íbúum á aldrinum 18 til 20 ára um rúmlega 15 prósent þegar borið er saman við meðalfjölda íbúa á þessum aldri á árunum 2005-2007.

Tafla 10. Fjöldi íbúa á svæði lögreglustöðvar 1 2007 og 2008 og frávik frá meðaltali.

	Meðaltal	Fjöldi		% af heild '08	Frávik frá '05-'07	
	'05-'07	2007	2008		2008	% 2008
14 ára og yngri	6.679	6.569	6.571	17,0	-108	-1,6
15-20 ára	2.770	2.838	2.970	7,7	200	7,2
- þar af 15-17 ára	1.433	1.431	1.426	3,7	-7	-0,5
- þar af 18-20 ára	1.338	1.407	1.544	4,0	206	15,4
21-30 ára	5.605	5.685	6.072	15,7	467	8,3
31-40 ára	5.189	5.242	5.289	13,7	100	1,9
41-50 ára	5.093	5.101	5.058	13,1	-35	-0,7
51-70 ára	7.226	7.370	7.536	19,5	310	4,3
71 árs eldri	5.330	5.215	5.085	13,2	-245	-4,6
Samtals	37.892	38.020	38.581	100,0	689	1,8



Mynd 24. Fjöldi hegningarlaga brota 2008 eftir svæðum lögreglustöðvar 1.

Í töflu 11 má sjá fjölda brota eftir tilteknum brotaflokkum. Auðgunarbrotum fjölgaði um 404 brot á árinu eða um þriðjung í samanburði við meðaltal árána 2005-2007. Þar af fjölgaði innbrotum um 60 brot eða um tæplega 14 prósent, en hlutfallslega fjölgaði eignaspjöllum svipað mikið. Ofbeldisbrotum fækkaði um 27 brot á milli 2007 og 2008, en sé litið til meðaltals árána 2005-2007 fjölgar þeim lítillega líkt og

kynferðisbrotum. Fíkniefnabrotum og nytjastuldum fækkaði lítillega á sama tíma.


Pegar skoðað er hversu hátt hlutfall brota í fyrrgreindum brotaflokkum átti sér stað í Hlíðum, Háaleiti og Laugardal af heildarfjölda brota á höfuðborgarsvæðinu árið 2008, kemur fram að um 22 prósent brota áttu sér stað á svæði lögreglustöðvar 1 að meðaltali (mynd 25). Um fjórðungur allra fíkniefnabrota og auðgunarbrota átti sér stað á svæðinu árið 2008, en

Tafla 11. Fjöldi brota á svæði lögreglustöðvar 1 2006-2008 og frávik frá meðaltali.

	Fjöldi			Meðaltal Frávik frá '05-'07		
	2006	2007	2008	'05-'07	Fjöldi	%
Ofbeldisbrot	139	173	146	140	6,3	4,5%
Fíkniefnabrot	241	291	229	239	-10,3	-4,3%
Auðgunarbrot	1.231	1.306	1.640	1.236	404,3	32,7%
- þar af innbrot	438	456	503	443	60,3	13,6%
Eignaspjöll	469	430	438	386	51,7	13,4%
Nytjastuldur	71	75	63	67	-4,0	-6,0%
Kynferðisbrot	43	36	36	34	2,0	5,9%
Samtals	2.194	2.311	2.552	2.102	450,0	21,4%

þar af eykst hlutfall fíkniefnabrota lítillega frá árinu áður á meðan hlutfall auðgunarbrota lækkar. Um 23 prósent allra innbrota áttu sér stað á svæðinu, 22 prósent eignaspjalla og rúmlega 21 prósent nytjastulda. Í kringum 19 prósent allra ofbeldisbrota og kynferðisbrota á höfuðborgarsvæðinu áttu sér stað á svæði lögreglustöðvar 1.





Mynd 25. Hlutfall tilkynntra brota á svæði lögreglustöðvar 1 af heildarfjölda brota 2006-2008, greint eftir brotaflokki.

Hlíðar

Alls bjuggu 11.205 einstaklingar í Hlíðunum við árslok 2008 (tafla 12). Tæp sjö prósent íbúa voru á aldrinum 15-20 ára og þar af fjölgaði íbúum á aldrinum 18-20 ára um tæp 19 prósent samanborið við meðalfjölda þeirra á árunum 2005-2007. Um 22 prósent íbúa Hlíðanna voru 20 ára og yngri og hátt í þriðjungur voru eldri en 50 ára.

Samkvæmt heimildum frá velferðarsviði Reykjavíkurborgar fengu 248 einstaklingar eða heimili í Hlíðunum fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg eða rúm tvö prósent íbúa hverfisins sem er ívið hærra en meðaltal fjárhagsaðstoðar á höfuðborgarsvæðinu (sjá mynd v2 í viðauka).

Í Hlíðahverfi voru fleiri félagslegar íbúðir á hverja 10.000 íbúa en á öðrum svæðum eða 274 íbúðir (sjá mynd v3 í viðauka). Meðalatvinnutekjur

íbúa Hlíðahverfis voru kr. 3.783.000 fyrir árið 2008 sem er undir meðallagi samanborið við önnur svæði (sjá mynd v1 í viðauka).

Tafla 12. Fjöldi íbúa í Hlíðum 2007 og 2008 og frávik frá meðaltali.

	Meðaltal	Fjöldi		% af heild '08	Frávik frá '05-'07	
	'05-'07	2007	2008		2008	% 2008
14 ára og yngri	1.779	1.755	1.731	15,4	-48	-2,7
15-20 ára	706	700	764	6,8	58	8,3
- þar af 15-17 ára	345	326	336	3,0	-9	-2,6
- þar af 18-20 ára	361	374	428	3,8	67	18,7
21-30 ára	2.022	2.045	2.196	19,6	174	8,6
31-40 ára	1.646	1.701	1.711	15,3	65	4,0
41-50 ára	1.420	1.441	1.429	12,8	9	0,6
51-70 ára	2.093	2.124	2.183	19,5	90	4,3
71 árs eldri	1.236	1.200	1.191	10,6	-45	-3,6
Samtals	10.901	10.966	11.205	100,0	304	2,8

Árið 2008 var tilkynnt um 710 brot í Hlíðunum af því tagi sem sjá má í töflu 13. Brotum fjölgaði á svæðinu um rúmlega þriðjung ef borið er saman við meðalfjölda brota á árunum 2005 til 2007. Líkt og víðast hvar á höfuðborgarsvæðinu fjölgaði auðgunarbrotum mest, eða um tæp 60 prósent og innbrotum þar af um tæp 36 prósent. Þá fjölgaði ofbeldisbrotum í Hlíðum um fjórðung þegar borið er saman við meðalfjölda 2005 til 2007, en aðeins um þrjú brot frá árinu áður.

Tafla 13. Fjöldi brota í Hlíðum 2006-2008 og frávik frá meðaltali.

	Fjöldi			Meðaltal	Frávik frá '05-'07	
	2006	2007	2008	'05-'07	Fjöldi	%
Ofbeldisbrot	47	48	51	41	10,0	24,4%
Fíkniefnabrot	63	99	66	70	-4,3	-6,2%
Auðgunarbrot	280	339	443	278	165,3	59,5%
- þar af innbrot	116	122	158	116	41,7	35,8%
Eignaspjöll	138	116	114	109	5,3	4,9%
Nytjastuldur	22	29	23	22	1,0	4,5%
Kynferðisbrot	12	11	13	9	4,0	44,4%
Samtals	562	642	710	529	181,3	34,3%

Á sama tíma fjölgaði kynferðisbrotum, eignaspjöllum og nytjastuldum. Hinsvegar fækkaði fíkniefnabrotum ekki síst þegar árið 2008 er borið saman við árið á undan.

Laugardalur

Við árslok 2008 bjuggu 13.464 íbúar í Laugardalshverfi (tafla 14). Tæplega átta prósent íbúa var á aldrinum 15-20 ára og hefur íbúum á aldrinum 18-20 ára fjölgað um rúm 13 prósent ef borið er saman við aldursamsetningu í Laugardal á árunum 2005 til 2007. Ríflega fjórðungur íbúa hverfisins var 20 ára og yngri árið 2008.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar veitti 340 einstaklingum eða fjölskyldum aðstoð í Laugardal árið 2008 og er það 2,5 prósent af íbúafjölda hverfisins. Hlutfall íbúa í hverfinu sem þáðu aðstoð er því ívið hærra en að meðaltali á öðrum svæðum höfuðborgarsvæðisins (mynd v2). Um 202 félagslegar íbúðir voru í Laugardal á hverja 10.000 íbúa eða nokkru fleiri en að meðaltali á höfuðborgarsvæðinu. Íbúar í Laugardal eru rétt undir meðallagi tekjulega miðað við önnur hverfi en meðal atvinnutekjur þeirra fyrir 2008 voru kr. 3.830.000.

Tafla 14. Fjöldi íbúa í Laugardal 2007 og 2008 og frávik frá meðaltali.

	Meðaltal	Fjöldi		% af heild '08	Frávik frá '05-'07	
	'05-'07	2007	2008		2008	% 2008
14 ára og yngri	2.492	2.462	2.485	18,5	-7	-0,3
15-20 ára	965	988	1.020	7,6	55	5,7
- þar af 15-17 ára	504	502	498	3,7	-6	-1,2
- þar af 18-20 ára	461	486	522	3,9	61	13,3
21-30 ára	1.882	1.907	2.018	15,0	136	7,2
31-40 ára	1.856	1.873	1.905	14,1	49	2,7
41-50 ára	1.764	1.777	1.784	13,3	20	1,2
51-70 ára	2.270	2.311	2.365	17,6	95	4,2
71 árs eldri	2.078	2.002	1.887	14,0	-191	-9,2
Samtals	13.306	13.320	13.464	100,0	158	1,2

Árið 2008 var fjöldi tilkynntra brota í Laugardalshverfi 1.087 sem er ríflega 200 brotum eða 23 prósentum meira en að meðaltali á árunum 2005 til 2007 (tafla 15). Fjölgun auðgunarbrotum um 167 brot vegur þar þyngst, en þau voru 725 á árinu 2008. Innbrotum fjölgaði um fimmtung samanborið við meðaltal áranna 2005-2007, líkt og fíkniefnabrotum. Eignaspjöllum fjölgaði um tæplega 12 prósent á sama tíma og ofbeldisbrotum og kynferðisbrotum fjölgaði um fimm prósent. Einungis nytjastuldum fækkaði lítilliga milli ára.

Tafla 15. Fjöldi brota í Laugardal 2006-2008 og frávik frá meðaltali.

	Fjöldi			Meðaltal	Frávik frá '05-'07	
	2006	2007	2008	'05-'07	Fjöldi	%
Ofbeldisbrot	44	62	50	48	2,3	4,9%
Fíkniefnabrot	104	77	102	86	16,3	19,1%
Auðgunarbrot	550	557	725	558	167,0	29,9%
- þar af innbrot	218	210	249	207	41,7	20,1%
Eignaspjöll	180	163	165	148	17,0	11,5%
Nytjastuldur	31	34	30	31	-0,7	-2,2%
Kynferðisbrot	21	16	15	14	0,7	4,7%
Samtals	930	909	1.087	884	202,7	22,9%

Háaleiti

Íbúar í Háaleitishverfi voru 13.912 talsins árið 2008 sem líkt og í Laugardal er litlu meira en íbúafjöldinn síðustu þrjú ár þar á undan (tafla 16). Rúm átta prósent íbúanna var á aldrinum 15-20 ára og þar af hafði íbúum á aldrinum 18-20 ára fjölgað um 15 prósent ef borið er saman við aldursdreifingu hverfisins að meðaltali árin 2005 til 2007. Fjórðungur íbúa í hverfinu var 20 ára og yngri. Reykjavíkurborg veitti 184 einstaklingum og fjölskyldum í Háaleitishverfi fjárhagslega aðstoð árið 2008 sem er 1,3 prósent af heildaríbúafjölda hverfisins og undir meðaltali fjárhagsaðstoðar eftir svæðum. Í hverfinu voru 124 félagslegar íbúðir á hverja 10.000 íbúa, sem er í meðallagi á höfuðborgarsvæðinu. Meðalatvinnutekjur íbúa hverfisins voru kr. 4.146.000 og eru þeir í fjórða sæti hvað varðar meðaltekjur á höfuðborgarsvæðinu en í fyrsta sæti innan Reykjavíkur.

Tafla 16. Fjöldi íbúa í Háaleiti 2007 og 2008 og frávik frá meðaltali.

	Meðaltal	Fjöldi		% af heild '08	Frávik frá '05-'07	
	'05-'07	2007	2008		2008	% 2008
14 ára og yngri	2.408	2.352	2.355	16,9	-53	-2,2
15-20 ára	1.100	1.150	1.186	8,5	86	7,8
- þar af 15-17 ára	584	603	592	4,3	8	1,4
- þar af 18-20 ára	516	547	594	4,3	78	15,0
21-30 ára	1.701	1.733	1.858	13,4	157	9,2
31-40 ára	1.687	1.668	1.673	12,0	-14	-0,8
41-50 ára	1.909	1.883	1.845	13,3	-64	-3,3
51-70 ára	2.863	2.935	2.988	21,5	125	4,4
71 árs eldri	2.017	2.013	2.007	14,4	-10	-0,5
Samtals	13.685	13.734	13.912	100,0	227	1,7

Árið 2008 voru skráð samtals 755 brot í þeim brotaflokkum sem hér eru teknir til greiningar og er það nánast sami fjöldi brota og árið á undan. Sé hinsvegar litið til meðalfjölda brota á árunum 2005 til 2007 er um tæplega 10 prósentu fjölgun að ræða (tafla 17). Hana má rekja til fjölgunar auðgunarbrota og eignaspjalla á tímabilinu um nálægt fimmtung. Þó vekur athygli að innbrotum fækkaði í Háaleiti um fimmtung sem var afar fátítt árið 2008. Einnig fækkaði ofbeldisbrotum, fíkniefnabrotum, nytjastuldum og kynferðisbrotum frá árunum á undan.

Tafla 17. Fjöldi brota í Háaleiti 2006-2008 og frávik frá meðaltali.

	Fjöldi		Meðaltal Frávik frá '05-'07			
	2006	2007	2008	'05-'07	Fjöldi	%
Ofbeldisbrot	48	63	45	51	-6,0	-11,8%
Fíkniefnabrot	74	115	61	83	-22,3	-26,8%
Auðgunarbrot	401	410	472	400	72,0	18,0%
- þar af innbrot	104	124	96	119	-23,0	-19,3%
Eignaspjöll	151	151	159	130	29,3	22,6%
Nytjastuldur	18	12	10	14	-4,3	-30,2%
Kynferðisbrot	10	9	8	11	-2,7	-25,0%
Samtals	702	760	755	689	66,0	9,6%




Lögreglustöð 2: Hafnarfjörður - Garðabær - Álftanes

Svæði lögreglustöðvar 2 nær yfir Hafnarfjörð, Garðabæ og Álftanes. Íbúar á svæðinu voru 38.726 við árslok 2008 sem gerir það að þriðja fjölmennasta svæðinu í umdæminu. Hlutfallslega stærsti hópurinn var 20 ára eða yngri eða tæplega þriðjungur íbúanna og þar af voru um 23 prósent á aldrinum 14 ára og yngri. Árið 2008 fjölgaði íbúum á aldrinum 18 til 20 ára um 21 prósent þegar borið er saman við meðalfjölda íbúa á þessum aldri á árunum 2005-2007 (tafla 18).

Tafla 18. Fjöldi íbúa á svæði lögreglustöðvar 2 2007 og 2008 og frávik frá meðaltali.

	Meðaltal	Fjöldi		% af heild '08	Frávik frá '05-'07	
	'05-'07	2007	2008		2008	% 2008
14 ára og yngri	8.383	8.582	8.843	22,8	460	5,5
15-20 ára	3.421	3.574	3.713	9,6	292	8,5
- þar af 15-17 ára	1.822	1.832	1.777	4,6	-45	-2,5
- þar af 18-20 ára	1.598	1.742	1.936	5,0	338	21,1
21-30 ára	4.871	5.100	5.384	13,9	513	10,5
31-40 ára	5.118	5.375	5.527	14,3	409	8,0
41-50 ára	5.310	5.539	5.667	14,6	357	6,7
51-70 ára	6.300	6.644	7.091	18,3	791	12,6
71 árs eldri	2.240	2.384	2.501	6,5	261	11,6
Samtals	35.643	37.198	38.726	100,0	3.083	8,7

Árið 2008 voru skráð samtals 1.202 hegningarlögreglabrot í Hafnarfirði, Garðabæ og á Álftanesi, en þar af áttu tæplega 72 prósent þeirra sér stað í Hafnarfirði, fjórðungur í Garðabæ og tæp fjögur prósent á Álftanesi (mynd 26).



Mynd 26. Fjöldi hegningarlögreglabrota 2008 eftir svæðum lögreglustöðvar 2.


Pegar helstu brotaflokkar eru skoðaðir sést að auðgunarbrotum fjölgaði mest (174 brot) eða um ríflega þriðjung í samanburði við meðaltal árána 2005-2007 (tafla 19). Þar af fjölgaði innbrotum um 115 brot eða um rúm 60 prósent. Einnig fjölgaði ofbeldisbrotum (9%) og eignaspjöllum (13%) ef árið 2008 er borið saman við meðaltal árána 2005-2007, en á milli 2007 og 2008 fækkaði þessum brotum. Sama má segja um nytjastuldi og kynferðisbrot. Fíkniefnabrotum fækkaði þó mest eða um nálægt 60 prósent í samanburði við síðustu þrjú ár á undan.

Á mynd 27 má sjá hversu hátt hlutfall umræddra brota átti sér stað í

Tafla 19. Fjöldi brota á svæði lögreglustöðvar 2 2006-2008 og frávik frá meðaltali.

	Fjöldi			Meðaltal	Frávik frá '05-'07	
	2006	2007	2008	'05-'07	Fjöldi	%
Ofbeldisbrot	80	92	83	76	7,0	9,2%
Fíkniefnabrot	236	167	80	196	-115,7	-59,1%
Auðgunarbrot	560	507	686	512	173,7	33,9%
- þar af innbrot	211	190	306	191	115,3	60,5%
Eignaspjöll	237	312	300	266	33,7	12,6%
Nytjastuldur	39	51	36	36	0,0	0,0%
Kynferðisbrot	16	22	17	18	-0,7	-3,8%
Samtals	1.168	1.151	1.202	1.104	98,0	8,9%

Hafnarfirði, Garðabæ og á Álftanesi af heildarfjölda brota á höfuðborgarsvæðinu árið 2008. Rúmlega 11 prósent brota áttu sér stað á svæði lögreglustöðvar 2 að meðaltali. Eignaspjöll eru þar fyrirferðarmest, en 15 prósent þeirra brota áttu sér stað á svæðinu, sem er svipaður fjöldi og árið á undan. Um 14 prósent innbrota áttu sér stað á svæðinu sem er nokkur fjölgun frá árinu á undan. Hlutfall fíkniefnabrota lækkaði hinsvegar verulega annað árið í röð og var um níu prósent, en tæplega 11 prósent ofbeldisbrota áttu sér stað á svæði lögreglustöðvar 2 (mynd 26). Hlutfall kynferðisbrota lækkaði einnig og áttu innan við 10 prósent af kynferðisbrotum sér stað á svæðinu árið 2008.



Mynd 27. Hlutfall tilkynntra brota á svæði lögreglustöðvar 2 af heildarfjölda brota 2006-2008, greint eftir brotaflokki.

Hafnarfjörður

Hafnarfjörður er þriðja stærsta sveitarfélagið á höfuðborgarsvæðinu á eftir Reykjavík og Kópavogi. Íbúar í Hafnarfirði voru 25.850 við árslok 2008 og hefur fjölgað um í kringum 1.000 manns á ári síðustu þrjú ár, eða um níu prósent samanborið við meðalfjölda íbúa á árunum 2005-2007 (tafla 20). Tæp 10 prósent íbúa var á aldrinum 15-20 ára og hafði þeim fjölgað um tæp 11 prósent, sem skýrist af fjölgun íbúa á aldrinum 18-20 ára. Annars fjölgaði í öllum aldurshópum í Hafnarfirði á tímabilinu. Alls var þriðjungur íbúa Hafnarfjarðar 20 ára og yngri árið 2008.

Árið 2008 fengu 326 einstaklingar aðstoð frá Hafnarfjarðarbæ eða 1,3 prósent bæjarbúa. Fjöldi félagslegra íbúða í Hafnarfirði var um 93 á hverja

10.000 íbúa. Meðalatvinnutekjur íbúa í Hafnarfirði voru kr. 3.745.000 árið 2008 og eru rétt undir meðaltali miðað við önnur svæði.

Tafla 20. Fjöldi íbúa í Hafnarfirði 2007 og 2008 og frávik frá meðaltali.

	Meðaltal	Fjöldi		% af heild '08	Frávik frá '05-'07	
	'05-'07	2007	2008		2008	% 2008
14 ára og yngri	5.671	5.838	5.970	23,1	299	5,3
15-20 ára	2.261	2.384	2.508	9,7	247	10,9
- þar af 15-17 ára	1.208	1.230	1.208	4,7	0	0,0
- þar af 18-20 ára	1.052	1.154	1.300	5,0	248	23,5
21-30 ára	3.507	3.704	3.895	15,1	388	11,1
31-40 ára	3.543	3.759	3.852	14,9	309	8,7
41-50 ára	3.471	3.668	3.760	14,5	289	8,3
51-70 ára	3.806	4.031	4.312	16,7	506	13,3
71 árs eldri	1.456	1.511	1.553	6,0	97	6,7
Samtals	23.715	24.895	25.850	100,0	2.135	9,0

Árið 2008 var tilkynnt um 864 brot í Hafnarfirði sem er fækkun um 28 brot frá árinu áður, en sé árið 2008 borið saman við meðaltal síðustu þriggja ára á undan fjölgaði brotum um 56 eða tæplega sjö prósent (tafla 21). Hafnarfjörður fór ekki varhluta af þeirri fjölgun innbrota og annarra auðgunarbrotu sem átti sér stað á höfuðborgarsvæðinu árið 2008. Nánast helmingsfjölgun varð á innbrotum samanborið við meðalfjölda þeirra árin 2005-2007 og á sama tíma fjölgaði auðgunarbrotum alls um hátt í þriðjung. Í öðrum brotaflokkum fækkaði brotum árið 2008 frá árinu á undan. Sé hinsvegar litið til meðaltals áranna 2005-2007 er annað uppi á teningnum og t.a.m. fjölgaði ofbeldisbrotum um tæp 19 prósent og eignaspjöllum um sjö prósent. Hinsvegar fækkaði fíkniefnabrotum um tæp 56 prósent og kynferðisbrotum um 20 prósent (tafla 21).

Tafla 21. Fjöldi brota í Hafnarfirði 2006-2008 og frávik frá meðaltali.

	Fjöldi			Meðaltal	Frávik frá '05-'07	
	2006	2007	2008	'05-'07	Fjöldi	%
Ofbeldisbrot	58	77	66	56	10,3	18,6%
Fíkniefnabrot	164	122	61	138	-77,0	-55,8%
Auðgunarbrot	390	388	481	373	108,3	29,1%
- þar af innbrot	137	143	199	134	65,3	48,9%
Eignaspjöll	175	252	218	204	14,3	7,0%
Nytjastuldur	23	35	26	23	3,0	13,0%
Kynferðisbrot	14	18	12	15	-3,0	-20,0%
Samtals	824	892	864	808	56,0	6,9%

Garðabær

Fjöldi íbúa í Garðabæ fór yfir 10 þúsund árið 2008 og voru 10.358 við árslok. Af þeim voru rúm 30 prósent 20 ára og yngri og hafði íbúum á aldrinum 18-20 ára fjölgað um tæp 18 prósent á sama tíma. Íbúum yfir 70 ára fjölgaði um 20 prósent (tafla 22).

Tafla 22. Fjöldi íbúa í Garðabæ 2007 og 2008 og frávik frá meðaltali.

	Meðaltal		Fjöldi		% af heild '08	Frávik frá '05-'07	
	'05-'07	2007	2008	2008		% 2008	% 2008
14 ára og yngri	2.065	2.082	2.163		20,9	98	4,7
15-20 ára	939	966	973		9,4	34	3,6
- þar af 15-17 ára	499	492	455		4,4	-44	-8,8
- þar af 18-20 ára	440	474	518		5,0	78	17,6
21-30 ára	1.075	1.094	1.171		11,3	96	9,0
31-40 ára	1.219	1.253	1.279		12,3	60	5,0
41-50 ára	1.495	1.513	1.526		14,7	31	2,1
51-70 ára	2.122	2.213	2.369		22,9	247	11,6
71 árs eldri	729	810	877		8,5	148	20,2
Samtals	9.644	9.931	10.358		100,0	714	7,4

Árið 2008 fengu 62 íbúar aðstoð frá Garðabæ eða innan við eitt prósent sem er lægsta hlutfall íbúa sem fá aðstoð af öllum svæðum höfuðborgarsvæðisins. Hið sama á við um fjölda félagslegra íbúða sem voru aðeins 24 á hverja 10.000 íbúa. Meðalatvinnutekjur íbúa á höfuðborgarsvæðinu voru hæstar í Garðabæ, eða kr. 4.610.000.

Árið 2008 voru 266 brot tilkynnt í Garðabæ, sem er fjölgun um tæplega 12 prósent miðað við meðaltal áranna 2005-2007 (tafla 23). Fjölgunin er meiri ef miðað er við árið á undan eða um 30 prósent. Þar vegur þýngst að auðgunarbrotum fjölgar um meira en 40 prósent sem skýrist m.a. af ríflega

Tafla 23. Fjöldi brota í Garðabæ 2006-2008 og frávik frá meðaltali.

	Fjöldi			Meðaltal Frávik frá '05-'07		
	2006	2007	2008	'05-'07	Fjöldi	%
Ofbeldisbrot	20	11	15	16	-1,3	-8,2%
Fíkniefnabrot	66	42	16	52	-36,0	-69,2%
Auðgunarbrot	161	113	185	131	53,7	40,9%
- þar af innbrot	69	44	96	53	43,3	82,3%
Eignaspjöll	55	44	68	52	16,0	30,8%
Nytjastuldur	16	15	9	12	-3,3	-27,0%
Kynferðisbrot	2	3	4	2	1,7	
Samtals	320	228	297	266	30,7	11,5%

Hlutfallstölur eru ekki sýndar í þeim tilvikum þar sem um færri en átta brot er að ræða.

82 prósent fjölgun innbrota. Þetta er öfugt við þróun ársins á undan en þá fækkaði verulega í þessum brotaflokkum. Eignaspjöllum fjölgaði árið 2008 um nálægt þriðjung, en ofbeldisbrotum, nytjastuldum og síðast en ekki síst fíkniefnabrotum fækkaði.

Álftanes

Íbúar Álftaness voru 2.518 við árslok 2008 og hafði þeim fjölgað um rúm 10 prósent ef borið er saman við meðalíbúafjölda árána 2005-2007. Af þeim voru rúm 37 prósent 20 ára eða yngri. Íbúum á aldrinum 18-20 ára hafði fjölgað um 12 prósent miðað við undanfarin ár, en íbúum eldri en 70 ára hafði fjölgað um hátt í 30 prósent á sama tíma og voru um þrjú prósent bæjarbúa (tafla 24).

Ekki liggja fyrir upplýsingar um félagslega aðstoð á Álftanesi en meðalatvinnutekjur íbúa Álftaness voru kr. 4.258.000 árið 2008 sem setur sveitarfélagið í þriðja sæti af svæðum höfuðborgarsvæðum hvað það varðar.

Tafla 24. Fjöldi íbúa á Álftanesi 2007 og 2008 og frávik frá meðaltali.

	Meðaltal	Fjöldi		% af heild '08	Frávik frá '05-'07	
	'05-'07	2007	2008		2008	% 2008
14 ára og yngri	646	662	710	28,2	64	9,9
15-20 ára	221	224	232	9,2	11	5,0
- þar af 15-17 ára	115	110	114	4,5	-1	-1,2
- þar af 18-20 ára	106	114	118	4,7	12	11,7
21-30 ára	289	302	318	12,6	29	9,9
31-40 ára	357	363	396	15,7	39	11,0
41-50 ára	344	358	381	15,1	37	10,6
51-70 ára	372	400	410	16,3	38	10,3
71 árs eldri	55	63	71	2,8	16	29,1
Samtals	2.284	2.372	2.518	100,0	234	10,2

Tíðni brota á Álftanesi er með því lægsta sem þekkt á höfuðborgarsvæðinu (tafla 25). Skráð voru 41 brot árið 2008, sem þó er veruleg fjölgun brota frá árunum á undan. Munar þar mest um aukinn fjölda auðgunarbrot (20) sem meira en þrefaldaðist frá árinu á undan og á fjölgun innbrota (11) ekki síst sinn þátt í því. Eignaspjöllum (14) fækkaði frá árinu á undan en ef litið er til meðaltals árána 2005-2007 fjölgar þeim.

Tafla 25. Fjöldi brota á Álftanesi 2006-2008 og frávik frá meðaltali.

	Fjöldi			Meðaltal Frávik frá '05-'07		
	2006	2007	2008	'05-'07	Fjöldi	%
Ofbeldisbrot	2	4	2	4	-2,0	
Fíkniefnabrot	6	3	3	6	-2,7	
Auðgunarbrot	9	6	20	8	11,7	140,0%
- þar af innbrot	5	3	11	4	6,7	
Eignaspjöll	7	16	14	11	3,3	31,3%
Nytjastuldur	0	1	1	1	0,3	
Kynferðisbrot	0	1	1	0	0,7	
Samtals	24	31	41	30	11,3	38,2%

Hlutfallstölur eru ekki sýndar í þeim tilvikum þar sem um færri en átta brot er að ræða.




Lögreglustöð 3: Kópavogur - Breiðholt

Svæði lögreglustöðvar 3 samanstendur af Kópavogi og Breiðholti. Íbúar á svæðinu voru 51.131 við árslok 2008 en það er um fjórðungur íbúa á höfuðborgarsvæðinu og þýðir að svæðið er það fjölmennasta í umdæminu. Tæplega 30 prósent íbúanna var á aldrinum 20 ára og yngri og voru um níu prósent á aldrinum 15-20 ára. Árið 2008 fjölgaði íbúum á bilinu 18-20 ára um rúm 11 prósent þegar borið er saman við meðalfjölda íbúa á þessum aldri á árunum 2005-2007 (tafla 26).

Tafla 26. Fjöldi íbúa á svæði lögreglustöðvar 3 2007 og 2008 og frávik frá meðaltali.

	Meðaltal	Fjöldi		% af heild '08	Frávik frá '05-'07	
	'05-'07	2007	2008		2008	% 2008
14 ára og yngri	10.299	10.401	10.633	20,8	334	3,2
15-20 ára	4.129	4.280	4.428	8,7	299	7,2
- þar af 15-17 ára	2.103	2.116	2.171	4,2	68	3,2
- þar af 18-20 ára	2.026	2.164	2.257	4,4	231	11,4
21-30 ára	7.150	7.437	7.905	15,5	755	10,6
31-40 ára	6.956	7.147	7.375	14,4	419	6,0
41-50 ára	6.635	6.846	6.989	13,7	354	5,3
51-70 ára	9.647	9.871	10.136	19,8	489	5,1
71 árs eldri	3.560	3.625	3.665	7,2	105	3,0
Samtals	48.376	49.607	51.131	100,0	2.755	5,7

Árið 2008 voru skráð samtals 2.155 hegningarlagabrot á svæði lögreglustöðvar 3, en þar af áttu tæplega 62 prósent þeirra sér stað í Kópavogi og 38 prósent í Breiðholti (mynd 28).




Mynd 28. Fjöldi hegningarlagabrota 2008 eftir svæðum lögreglustöðvar 3.

Í töflu 27 má sjá fjölda brota eftir tilteknum brotaflokkum. Fram kemur að auðgunarbrotum fjölgaði um ríflega fjórðung eða um nærfellt 300 brot. Sé litið til ársins á undan fjölgaði brotunum um rúmlega þriðjung. Þar af fjölgaði innbrotum þó einungis um tæp fimm prósent eða 21 brot. Kynferðisbrot voru eini brotaflokkurinn þar sem brotum fjölgaði, því að öðrum brotum fækkaði verulega hvort sem litið er til ársins á undan eða lengra tímabils (tafla 27).

Tafla 27. Fjöldi brota á svæði lögreglustöðvar 3 2006-2008 og frávik frá meðaltali.

	Fjöldi			Meðaltal Frávik frá '05-'07		
	2006	2007	2008	'05-'07	Fjöldi	%
Ofbeldisbrot	122	161	110	131	-21,3	-16,2%
Fíkniefnabrot	334	230	172	263	-91,3	-34,7%
Auðgunarbrot	1.196	1.046	1.407	1.113	294,3	26,5%
- þar af innbrot	456	408	451	430	20,7	4,8%
Eignaspjöll	552	435	397	450	-53,3	-11,8%
Nytjastuldur	100	72	61	76	-15,3	-20,1%
Kynferðisbrot	23	27	45	27	17,7	64,6%
Samtals	2.327	1.971	2.192	2.061	130,7	6,3%

Þegar skoðað er hversu hátt hlutfall brota í þessum brotaflokkum átti sér stað í Kópavogi og Breiðholti af heildarfjölda brota á höfuðborgarsvæðinu árið 2008, kemur fram að yfir fimmtungur brota átti sér stað á svæði lögreglustöðvar 3 að meðaltali (mynd 29). Lægra hlutfall ofbeldisbrota heldur en annarra brota átti sér stað í Kópavogi og Breiðholti, eða um 14 prósent. Á sama tíma átti herra hlutfall kynferðisbrota sér stað á svæðinu, eða rúm 24 prósent og hækkaði það verulega milli ára. Rúmur fimmtungur auðgunarbrot og innbrota átti sér stað á svæðinu árið 2008. Svipað hlutfall eignaspjalla og fíkniefnabrot áttu sér stað á svæði lögreglustöðvar 3 á árinu.



Mynd 29. Hlutfall tilkynntra brota á svæði Lögreglustöðvar 3 af heildarfjölda brota 2006-2008, greint eftir brotaflokki

Kópavogur

Kópavogur er næst fjölmennasta sveitarfélagið á höfuðborgarsvæðinu, en íbúar í Kópavogi nálgust 30 þúsund við árslok 2008 sem er tæplega níu prósentu fjölgun frá meðaltali síðustu þriggja ára á undan (tafla 28). Rúmlega 30 prósent íbúa voru á aldrinum 20 ára og yngri, þar af voru 15-20 ára rúm átta prósent af heildaríbúafjölda.

Alls fengu 358 einstaklingar og fjölskyldur fjárhagsaðstoð frá Kópavogsbæ árið 2008 eða um eitt prósent af íbúum bæjarins. Í Kópavogi voru 123 félagslegar íbúðir á hverja 10.000 íbúa. Íbúar Kópavogs lenda í efri kantinum hvað varðar meðalatvinnutekjur á höfuðborgarsvæðinu og voru þær kr. 4.052.000 fyrir árið 2008.

Tafla 28. Fjöldi íbúa í Kópavogi 2007 og 2008 og frávik frá meðaltali.

	Meðaltal		Fjöldi		% af heild '08	Frávik frá '05-'07	
	'05-'07	2007	2008	2008		2008	% 2008
14 ára og yngri	6.099	6.277	6.495		21,7	396	6,5
15-20 ára	2.306	2.417	2.548		8,5	242	10,5
- þar af 15-17 ára	1.186	1.199	1.252		4,2	66	5,5
- þar af 18-20 ára	1.120	1.218	1.296		4,3	176	15,7
21-30 ára	3.803	4.040	4.425		14,8	622	16,3
31-40 ára	4.099	4.227	4.411		14,7	312	7,6
41-50 ára	3.928	4.099	4.192		14,0	264	6,7
51-70 ára	5.125	5.329	5.589		18,6	464	9,1
71 árs eldri	2.207	2.276	2.316		7,7	109	5,0
Samtals	27.567	28.665	29.976		100,0	2.409	8,7

Tafla 29 sýnir fjölda tilkynntra brota í tilteknum brotaflokkum í Kópavogi. Árið 2008 var fjöldi þessara brota 1.319 sem er 177 brotum eða tæplega 16 prósent fleiri brot en að meðaltali á árunum 2005-2007. Þar munar mest um mikla fjölgun auðgunarbrot, sem fóru úr 682 brotum að meðaltali árin á undan í 938 brot árið 2008 en það er tæplega 38 prósent fjölgun. Þar af fjölgaði innbrotum hlutfallslega mun minna, en engu að síður um 10 prósent. Þá vekur athygli mikil fjölgun kynferðisbrota í Kópavogi á árinu, en fjöldi slíkra mála tvöfaldaðist. Hinsvegar fækkaði eignaspjöllum um 10 prósent og fíkniefnabrotum um helming, auk þess sem ofbeldisbrotum fækkaði ef litið er til ársins á undan.

Tafla 29. Fjöldi brota í Kópavogi 2006-2008 og frávik frá meðaltali.

	Fjöldi			Meðaltal '05-'07	Frávik frá '05-'07	
	2006	2007	2008		Fjöldi	%
Ofbeldisbrot	54	72	60	60	0,0	0,0%
Fíkniefnabrot	187	97	63	135	-72,3	-53,4%
Auðgunarbrot	681	694	938	682	256,0	37,5%
- þar af innbrot	210	226	234	212	21,7	10,2%
Eignaspjöll	224	212	195	216	-21,3	-9,9%
Nytjastuldur	49	40	39	37	2,3	6,4%
Kynferðisbrot	7	12	24	12	12,0	100,0%
Samtals	1.202	1.127	1.319	1.142	176,7	15,5%

Breiðholt

Breiðholt er fjölmennasta hverfið í Reykjavík, íbúar þar voru 21.155 í lok árs 2008. Tæplega 29 prósent íbúa Breiðholts voru yngri en 20 ára og níu prósent voru á aldrinum 15-20 ára (tafla 30).

Í Breiðholti fengu 652 einstaklingar eða fjölskyldur fjárhagslega aðstoð frá Reykjavíkurborg, það eru rúm þrjú prósent af heildarfjölda hverfisins. Miðborgin er eina hverfið þar sem hærra hlutfall íbúa þiggur félagslega aðstoð. Í Breiðholti voru 266 félagslegar íbúðir á hverja 10.000 íbúa. Þetta er þriðja hæsta hlutfall félagslegra íbúða á höfuðborgarsvæðinu á eftir Miðborginni og Hlíðum. Meðaltekjur íbúa í Breiðholti voru einnig í lægri kantinum samanborið við önnur hverfi en meðalatvinnutekjur þeirra fyrir árið 2008 voru kr. 3.700.000 (sjá viðauka).

Tafla 30. Fjöldi íbúa í Breiðholti 2007 og 2008 og frávik frá meðaltali.

	Meðaltal	Fjöldi		% af heild '08	Frávik frá '05-'07	
	'05-'07	2007	2008		2008	% 2008
14 ára og yngri	4.200	4.124	4.138	19,6	-62	-1,5
15-20 ára	1.823	1.863	1.880	8,9	57	3,1
- þar af 15-17 ára	917	917	919	4,3	2	0,3
- þar af 18-20 ára	907	946	961	4,5	54	6,0
21-30 ára	3.347	3.397	3.480	16,5	133	4,0
31-40 ára	2.856	2.920	2.964	14,0	108	3,8
41-50 ára	2.708	2.747	2.797	13,2	89	3,3
51-70 ára	4.522	4.542	4.547	21,5	25	0,5
71 árs eldri	1.353	1.349	1.349	6,4	-4	-0,3
Samtals	20.809	20.942	21.155	100,0	346	1,7

Tafla 31 sýnir tilkynnt brot í tilteknum brotaflokkum í Breiðholti árið 2008. Breiðholt var eitt af fáum svæðum þar sem fjöldi brota lækkaði frá því sem var að meðaltali á árunum 2005-2007. Fjöldi þessara brota var 919 sem er fækkun um fimm prósent. Kynferðisbrotum fjölgaði nokkuð og þá fjölgaði auðgunarbrotum um níu prósent þrátt fyrir að innbrotum hafi ekki fjölgað. Annars fækkaði almennt í brotaflokkunum, t.d. fækkaði ofbeldisbrotum um 30 prósent ef litið er til meðaltals áranna 2005-2007 og enn meira ef borið er saman við árið á undan. Nytjastuldum fækkaði einnig verulega og þá fækkaði bæði fíkniefnabrotum og eignaspjöllum í kringum 14 prósent.

Tafla 31. Fjöldi brota í Breiðholti 2006-2008 og frávik frá meðaltali.

	Fjöldi			Meðaltal '05-'07	Frávik frá '05-'07	
	2006	2007	2008		Fjöldi	%
Ofbeldisbrot	68	89	50	71	-21,3	-29,9%
Fíkniefnabrot	147	133	109	128	-19,0	-14,8%
Auðgunarbrot	515	352	469	431	38,3	8,9%
- þar af innbrot	246	182	217	218	-1,0	-0,5%
Eignaspjöll	328	223	202	234	-32,0	-13,7%
Nytjastuldur	51	32	22	40	-17,7	-44,5%
Kynferðisbrot	16	15	21	15	5,7	37,0%
Samtals	1.125	844	873	919	-46,0	-5,0%




Lögreglustöð 4: Mosfellsbær - Árbær - Grafarvogur - Grafarholt - Norðlingaholt - Kjalarnes - Kjós

Svæði lögreglustöðvar 4 nær yfir Mosfellsbæ, Árbæ, Grafarvog, Grafarholt, Norðlingaholt, Kjalarnes og Kjós. Íbúar á svæðinu voru 43.207 við árslok 2008 en það er rúmlega fimmtungur íbúa á höfuðborgarsvæðinu og er svæðið það annað fjölmennasta í umdæminu. Þriðjungur íbúanna var á aldrinum 20 ára og yngri og þar af voru 9,5 prósent á aldrinum 15-20 ára. Árið 2008 fjölgaði íbúum á aldrinum 18-20 ára um rúm 12 prósent þegar borið er saman við meðalfjölda íbúa á þessum aldri á árunum 2005-2007 (tafla 32).

Tafla 32. Fjöldi íbúa á svæði lögreglustöðvar 4 2007 og 2008 og frávik frá meðaltali.

	Meðaltal	Fjöldi		% af heild '08	Frávik frá '05-'07	
	'05-'07	2007	2008		2008	% 2008
14 ára og yngri	10.037	10.085	10.127	23,4	90	0,9
15-20 ára	3.780	3.997	4.115	9,5	335	8,9
- þar af 15-17 ára	2.019	2.107	2.136	4,9	117	5,8
- þar af 18-20 ára	1.761	1.890	1.979	4,6	218	12,4
21-30 ára	6.061	6.186	6.208	14,4	147	2,4
31-40 ára	6.231	6.428	6.418	14,9	187	3,0
41-50 ára	6.302	6.558	6.552	15,2	250	4,0
51-70 ára	7.070	7.596	7.977	18,5	907	12,8
71 árs eldri	1.564	1.698	1.810	4,2	246	15,7
Samtals	41.045	42.548	43.207	100,0	2.162	5,3

Árið 2008 voru skráð samtals 1.743 hegningarlagaabrot á svæði lögreglustöðvar 4, en þar af áttu 45 prósent þeirra sér stað í Grafarvogi, 35 prósent í Árbæ, Grafarholti og Norðlingaholti og 20 prósent í Mosfellsbæ, á Kjalarnesi og í Kjós (mynd 30).




Mynd 30. Fjöldi hegningarlagaabrota 2008 eftir svæðum lögreglustöðvar 4.

Þegar tilteknir brotaflokkar eru skoðaðir sést að árið 2008 var tilkynnt um 1.083 auðgunarbrot en það er fjölgun um meira en 300 brot eða um 40 prósent sé litið til meðaltals áranna 2005-2007. Þar af fjölgaði innbrotum um tæp 23 prósent eða 78 brot. Kynferðisbrotum fjölgaði um tæp 55 prósent, en einnig fjölgaði eignaspjöllum og nytjastuldum nokkuð. Sé hinsvegar litið til ársins á undan þá fækkaði eignaspjöllum og sömuleiðis ofbeldisbrotum. Fíkniefnabrotum fækkaði um rúmlega níu prósent.

Tafla 33. Fjöldi brota á svæði lögreglustöðvar 4 2006-2008 og frávik frá meðaltali.

	Fjöldi		Meðaltal		Frávik frá '05-'07	
	2006	2007	2008	'05-'07	Fjöldi	%
Ofbeldisbrot	97	103	85	85	0,3	0,4%
Fíkniefnabrot	156	136	133	147	-13,7	-9,3%
Auðgunarbrot	811	790	1.083	774	308,7	39,9%
- þar af innbrot	315	362	425	347	78,3	22,6%
Eignaspjöll	419	414	378	352	26,0	7,4%
Nytjastuldur	82	72	77	70	6,7	9,5%
Kynferðisbrot	23	25	33	21	11,7	54,7%
Samtals	1.588	1.540	1.789	1.449	339,7	23,4%

Þegar skoðað er hversu hátt hlutfall brota í þessum brotaflokkum átti sér stað á svæði lögreglustöðvar 4 af heildarfjölda brota á höfuðborgarsvæðinu árið 2008, kemur fram að um 18 prósent brota átti sér stað á svæðinu að meðaltali (mynd 31). Meira en fjórðungur allra nytjastulda á höfuðborgarsvæðinu áttu sér stað á svæðinu og jókst það hlutfall milli ára. Hinsvegar áttu tæp 11 prósent ofbeldisbrota sér stað á svæðinu. Tæplega fimmtungur innbrota átti sér stað á svæðinu og svipað hlutfall eignaspjalla. Tæp 18 prósent kynferðisbrota og 15 prósent fíkniefnabrota áttu sér þar stað á svæðinu og jókst hlutfallið milli ára í báðum brotaflokkum.



Mynd 31. Hlutfall tilkynntra brota á svæði Lögreglustöðvar 4 af heildarfjölda brota 2006-2008, greint eftir brotaflokki.

Mosfellsbær – Kjalarnes – Kjós

Íbúar í Mosfellsbæ voru 8.403 í árslok 2008, af þeim var ríflega þriðjungur 20 ára og yngri. Á Kjalarnes og í Grundarhverfi bjuggu 882 manns í árslok 2008 og hafði fækkað nokkuð samanborið við árið á undan. Kjósinn er fámennasta sveitarfélag umdæmisins en þar voru 196 einstaklingar búsettir við árslok 2008 og hafði fjölgað lítillega frá árinu áður.

Samanlagt voru íbúar í Mosfellsbæ, á Kjalarnesi og í Kjós 9.481 árið 2008 og fjölgaði þeim um 8,5 prósent ef litið er til meðaltals áranna 2005-2007 (tafla 34). Af íbúum Mosfellsbæjar, Kjalarness og Kjós voru tæp 10 prósent á aldrinum 15-20 ára og fjölgaði þeim um 16 prósent frá árunum á undan.

Tafla 34. Fjöldi íbúa í Mosfellsbæ, Kjalarnesi og Kjós 2007 og 2008 og frávik frá meðal

	Meðaltal		Fjöldi		% af heild '08	Frávik frá '05-'07	
	'05-'07	2007	2008	2008		2008	% 2008
14 ára og yngri	2.190	2.223	2.305	24,3	115	5,3	
15-20 ára	783	835	908	9,6	125	16,0	
- þar af 15-17 ára	434	468	493	5,2	59	13,6	
- þar af 18-20 ára	349	367	415	4,4	66	18,9	
21-30 ára	1.148	1.209	1.174	12,4	26	2,3	
31-40 ára	1.406	1.506	1.515	16,0	109	7,8	
41-50 ára	1.343	1.455	1.479	15,6	136	10,1	
51-70 ára	1.602	1.742	1.771	18,7	169	10,5	
71 árs eldri	267	293	329	3,5	62	23,4	
Samtals	8.738	9.263	9.481	100,0	743	8,5	

Alls fengu 56 einstaklingar eða fjölskyldur fjárhagslega aðstoð frá Mosfellsbæ eða Kjalarnesi en ekki eru fyrirbyggjandi upplýsingar um fjárhagsaðstoð eða félagslegar íbúðir í Kjósinni. Meðalatvinnutekjur fyrir 2008 voru hvergi lægri en á þessum svæðum, í Mosfellsbæ voru þær kr. 3.607.000, í Kjósinni kr. 3.550.000 og á Kjalarnesi og í Grundarhverfi kr. 3.245.000.

Tafla 35. Fjöldi brota í Mosfellsbæ, Kjalarnesi og Kjós 2006-2008 og frávik frá meðalt.

	Fjöldi			Meðaltal Frávik frá '05-'07		
	2006	2007	2008	'05-'07	Fjöldi	%
Ofbeldisbrot	20	20	19	16	3,0	18,8%
Fíkniefnabrot	30	17	6	21	-15,3	-71,9%
Auðgunarbrot	135	138	205	121	83,7	69,0%
- þar af innbrot	73	78	103	64	39,0	60,9%
Eignaspjöll	88	62	95	65	30,3	46,9%
Nytjastuldur	12	11	8	9	-1,3	-14,3%
Kynferðisbrot	4	3	8	3	5,3	
Samtals	289	251	341	235	105,7	44,9%

Hlutfallstölur eru ekki sýndar í þeim tilvikum þar sem um færri en átta brot er að ræða.

Árið 2008 var fjöldi skráðra brota í Mosfellsbæ, á Kjalarnesi og í Kjós 341 sem er 106 brotum og 45 prósentum meira en að meðaltali síðustu þrjú ár á undan (tafla 35). Fjölgunina má rekja að mestu til mikillar fjölgunar auðgunarbrot, sem fjölgaði um 69 prósent og þar sem innbrotum fjölgaði um 61 prósent. Þá fjölgaði eignaspjölum um nálægt helming, en einnig fjölgaði ofbeldis- og kynferðisbrotum. Á sama tíma varð verulega fækkun á fíkniefnabrotum.

Árbær, Grafarholt og Norðlingaholt

Íbúar Árbæjar, Grafarholts og Norðlingaholts voru alls 15.593 í árslok 2008 og hafði íbúum fjölgað um rúm 10 prósent frá árinu áður (tafla 36). Tæplega þriðjungur íbúa var 20 ára eða yngri og þar af voru ríflega átta prósent íbúa á aldrinum 15-20 ára.

Tafla 36. Fjöldi íbúa í Árbæ, Grafar- og Norðlingaholti 2007 og 2008 og frávik.

	Meðaltal	Fjöldi		% af heild '08	Frávik frá '05-'07	
	'05-'07	2007	2008		2008	% 2008
14 ára og yngri	3.334	3.548	3.661	23,5	327	9,8
15-20 ára	1.171	1.271	1.298	8,3	127	10,8
- þar af 15-17 ára	592	642	644	4,1	52	8,8
- þar af 18-20 ára	579	629	654	4,2	75	12,9
21-30 ára	2.302	2.432	2.531	16,2	229	9,9
31-40 ára	2.185	2.400	2.423	15,5	238	10,9
41-50 ára	1.970	2.076	2.086	13,4	116	5,9
51-70 ára	2.552	2.747	2.883	18,5	331	13,0
71 árs eldri	624	678	711	4,6	87	14,0
Samtals	14.139	15.152	15.593	100,0	1.454	10,3

Alls fengu 289 einstaklingar eða fjölskyldur í þessum hverfum fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg og eru það tæp tvö prósent af heildarfjölda íbúanna. Í hverfinu voru 169 félagslegar íbúðir á hverja 10.000 íbúa. Meðalatvinnutekjur íbúa í Árbæ, Grafarholti og Norðlingaholti voru kr. 3.928.000 árið 2008.

Tafla 37. Fjöldi brota í Árbæ 2006-2008 og frávik frá meðaltali.

	Fjöldi			Meðaltal	Frávik frá '05-'07	
	2006	2007	2008	'05-'07	Fjöldi	%
Ofbeldisbrot	20	29	30	23	7,3	32,4%
Fíkniefnabrot	48	37	48	36	11,7	32,1%
Auðgunarbrot	344	291	336	308	27,7	9,0%
- þar af innbrot	108	121	135	128	7,0	5,5%
Eignaspjöll	105	80	86	83	3,3	4,0%
Nytjastuldur	19	22	25	20	5,0	25,0%
Kynferðisbrot	6	13	9	8	1,0	12,5%
Samtals	542	472	534	478	56,0	11,7%

Árið 2008 var tilkynnt um 534 brot í Árbæ, sem er fjölgun brota um tæp 12 prósent (tafla 37). Í Árbæ fjölgaði í öllum brotaflokkum þegar litið er til meðalfjölda brota á árunum 2005-2007 og einnig ef borið er saman við árið 2007 að kynferðisbrotum undanskildum. Ofbeldis- og fíkniefnabrotum fjölgaði um þriðjung og nytjastuldum um fjórðung ef litið er til áranna 2005-2007. Auðgunarbrot voru 336 árið 2008 en það er 15 prósent fjölgun frá árinu áður. Þar af voru innbrot 135 og fjölgaði þeim um 11,5 prósent.

Tilkynnt var um 90 brot í Grafarholti og Norðlingaholti árið 2008, en það er fjórum prósentum fleiri brot en að meðaltali árin 2005 til 2007, en sé litið til ársins 2007 fjölgaði brotum um 20 prósent (tafla 38). Árið 2008 fjölgaði auðgunarbrotum verulega samanborið við árið á undan. Ofbeldisbrotum fækkaði hins vegar verulega frá fyrri árum.

Tafla 39. Fjöldi brota í Grafar- og Norðlingaholti 2006-2008 og frávik frá meðaltali.

	Fjöldi			Meðaltal Frávik frá '05-'07		
	2006	2007	2008	'05-'07	Fjöldi	%
Ofbeldisbrot	9	10	3	8	-5,0	
Fíkniefnabrot	1	3	4	3	0,7	
Auðgunarbrot	38	29	49	44	4,7	10,5%
- þar af innbrot	27	16	25	27	-1,7	-6,3%
Eignaspjöll	36	26	30	26	4,0	15,4%
Nytjastuldur	3	5	1	4	-3,0	
Kynferðisbrot	1	2	3	1	2,0	
Samtals	88	75	90	87	3,3	3,8%

Hlutfallstölur eru ekki sýndar í þeim tilvikum þar sem um færri en átta brot er að ræða.

Grafarvogur

Grafarvogur er næst fjölmennasta hverfi Reykjavíkur en þar bjuggu 18.133 við árslok 2008 sem er sami fjöldi og bjó þar ári fyrr (tafla 39). Þriðjungur íbúa Grafarvogs var á aldrinum 20 ára og yngri og voru 10,5 prósent íbúa á aldrinum 15-20 ára.

Árið 2008 þáðu 297 einstaklingar og fjölskyldur í Grafarvogi fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg sem er 1,6 prósent af heildaríbúafjölda hverfisins. Um 108 félagslegar íbúðir voru á hverja 10.000 íbúa í Grafarvogshverfi árið 2008 og meðalatvinnutekjur voru kr. 3.897.000. Grafarvogur er við meðaltalið á öllum þessum mælikvörðum á félagslegri stöðu hverfisins í samanburði við önnur svæði höfuðborgarsvæðisins.

Tafla 39. Fjöldi íbúa í Grafarvogi 2007 og 2008 og frávik frá meðaltali.

	Meðaltal	Fjöldi		% af heild '08	Frávik frá '05-'07	
	'05-'07	2007	2008		2008	% 2008
14 ára og yngri	4.512	4.314	4.161	22,9	-351	-7,8
15-20 ára	1.826	1.891	1.909	10,5	83	4,5
- þar af 15-17 ára	994	997	999	5,5	5	0,5
- þar af 18-20 ára	832	894	910	5,0	78	9,3
21-30 ára	2.612	2.545	2.503	13,8	-109	-4,2
31-40 ára	2.640	2.522	2.480	13,7	-160	-6,1
41-50 ára	2.989	3.027	2.987	16,5	-2	-0,1
51-70 ára	2.916	3.107	3.323	18,3	407	14,0
71 árs eldri	674	727	770	4,2	96	14,3
Samtals	18.169	18.133	18.133	100,0	-36	-0,2

Árið 2008 var tilkynnt um 824 brot í Grafarvogi sem er 175 brotum eða ríflega fjórðungi fleiri brot en að meðaltali síðustu þrjú ár á undan (tafla 40). Ræðst þetta af þeirri fjölgun sem átti sér stað í auðgunarbrotum en árið 2008 fjölgaði þeim um 193 frá meðaltali árána 2005-2007 eða sem nemur 64 prósentum. Innbrotum fjölgaði um rúmlega fjórðung. Á sama tíma fækkaði eignaspjöllum, ofbeldis- og fíkniefnabrotum.

Tafla 40. Fjöldi brota í Grafarvogi 2006-2008 og frávik frá meðaltali.

	Fjöldi			Meðaltal	Frávik frá '05-'07	
	2006	2007	2008	'05-'07	Fjöldi	%
Ofbeldisbrot	48	44	33	38	-5,0	-13,2%
Fíkniefnabrot	77	79	75	86	-10,7	-12,5%
Auðgunarbrot	294	332	493	300	192,7	64,2%
- þar af innbrot	107	147	162	128	34,0	26,6%
Eignaspjöll	190	246	167	179	-11,7	-6,5%
Nytjastuldur	48	34	43	37	6,0	16,2%
Kynferðisbrot	12	7	13	10	3,3	34,5%
Samtals	669	742	824	649	174,7	26,9%


Lögreglustöð 5: Vesturbær - Miðborg - Seltjarnarnes

Svæði lögreglustöðvar 5 samanstendur af Miðborg, Vesturbæ og Seltjarnarnesi. Íbúar á svæðinu voru 29.242 við árslok 2008 en það er um 15 prósent íbúa á höfuðborgarsvæðinu og þýðir að svæðið er það fámennasta í umdæminu. Engu að síður eiga flest brot sér stað á svæðinu sem helgast af því að miðborgin telst til þess en þar eiga alla jafna flest brot sér stað. Innan við fjórðungur íbúanna var á aldrinum 20 ára og yngri og voru um sjö prósent á aldrinum 15-20 ára. Árið 2008 fjölgaði íbúum á aldrinum 18-20 ára um tæplega 13 prósent þegar borið er saman við meðalfjölda íbúa á þessum aldri á árunum 2005-2007 (tafla 41).

Tafla 41. Fjöldi íbúa á svæði lögreglustöðvar 5 2007 og 2008 og frávik frá meðaltali.

	Meðaltal	Fjöldi		% af heild '08	Frávik frá '05-'07	
	'05-'07	2007	2008		2008	% 2008
14 ára og yngri	4.919	4.819	4.802	16,4	-117	-2,4
15-20 ára	2.084	2.100	2.138	7,3	54	2,6
- þar af 15-17 ára	1.021	993	941	3,2	-80	-7,9
- þar af 18-20 ára	1.063	1.107	1.197	4,1	134	12,6
21-30 ára	5.870	6.034	6.205	21,2	335	5,7
31-40 ára	4.376	4.477	4.646	15,9	270	6,2
41-50 ára	3.891	3.853	3.766	12,9	-125	-3,2
51-70 ára	4.981	5.089	5.298	18,1	317	6,4
71 árs eldri	2.465	2.425	2.387	8,2	-78	-3,2
Samtals	28.586	28.797	29.242	100,0	656	2,3

Árið 2008 voru skráð samtals 2.692 hegningarlagabrot á svæði lögreglustöðvar 5, þrjú af hverjum fjórum brotum áttu sér stað í Miðborg, tæplega fjórðungur í Vesturbæ og innan við þrjú prósent á Seltjarnarnesi (mynd 32).



Mynd 32. Fjöldi hegningarlagabrota 2008 eftir svæðum lögreglustöðvar 5.


Í töflu 42 má sjá fjölda brota eftir tilteknum brotaflokkum. Auðgunarbrotum fjölgaði um meira en 500 brot eða um helming hvort sem litið er til ársins á undan eða meðaltals árána 2005-2007. Fjölgun innbrota um fjórðung eða rúm 100 brot er hluti af skýringunni á fjölgun auðgunarbrot. Einnig fjölgaði eignaspjöllum en aftur á móti fækkaði brotum í öðrum brotaflokkum á svæðinu árið 2008 (tafla 42).

Tafla 42. Fjöldi brota á svæði lögreglustöðvar 5 2006-2008 og frávik frá meðaltali.

	Fjöldi			Meðaltal	Frávik frá '05-'07	
	2006	2007	2008	'05-'07	Fjöldi	%
Ofbeldisbrot	380	376	342	367	-25,3	-6,9%
Fíkniefnabrot	384	431	266	384	-117,7	-30,7%
Auðgunarbrot	1.255	1.040	1.581	1.077	503,7	46,8%
- þar af innbrot	459	387	500	398	102,3	25,7%
Eignaspjöll	615	501	481	472	8,7	1,8%
Nytjastuldur	70	63	51	59	-7,7	-13,1%
Kynferðisbrot	31	47	36	40	-4,3	-10,7%
Samtals	2.735	2.458	2.757	2.400	357,3	14,9%

Fjórðungur allra brota í fyrrgreindum brotaflokkum átti sér stað á svæði lögreglustöðvar 5 af heildarfjölda brota á höfuðborgarsvæðinu árið 2008 (mynd 33). Þó er ekki fyllilega marktækt að skoða svæðið í heild, þar sem tíðni er mjög misskipt milli annarsvegar Miðborgar og hinsvegar Vesturbæjar og Seltjarnarness. Tæplega 44 prósent allra ofbeldisbrota á höfuðborgarsvæðinu áttu sér stað á svæðinu, þó hlutfallslega ættu mun fleiri brot sér stað í Miðborg en annars staðar. Tæplega fjórðungur innbrota átti sér stað á svæðinu og svipað hlutfall eignaspjalla. Rúmlega 29 prósent fíkniefnabrot áttu sér þar stað en hlutfallið lækkaði nokkuð milli ára.





Mynd 33. Hlutfall tilkynntra brota á svæði Lögreglustöðvar 5 af heildarfjölda brota 2006-2008, greint eftir brotaflokki.

Vesturbær

Alls voru búsettir 16.406 einstaklingar í Vesturbæ við árslok 2008 (tafla 43). Alls voru íbúar á aldrinum 15-20 ára 7,5 prósent af íbúum Vesturbæjar árið 2008 og fjölgaði íbúum á aldrinum 18-20 ára um rúm 15 prósent. Samtals var rúmlega fjórðungur Vesturbæinga 20 ára og yngri.

Árið 2008 nutu 361 einstaklingur eða fjölskylda sem búsett voru í Vesturbæ fjárhagslegrar aðstoðar frá Reykjavíkurborg. Samtals þáðu því 2,2 prósent íbúa svæðisins fjárhagsaðstoð sem er ívið hærra en meðalhlutfall fjárhagsaðstoðar á höfuðborgarsvæðinu árið 2008. Félagslegar íbúðir voru 82 á hverja 10.000 íbúa í Vesturbæ við árslok 2008. Meðalatvinnutekjur Vesturbæinga fyrir árið 2008 voru kr. 4.046.000 sem

gerir hverfið að öðru tekjuhæsta hverfi Reykjavíkur og sjötta tekjuhæsta svæði höfuðborgarsvæðisins.

Tafla 43. Fjöldi íbúa í Vesturbæ 2007 og 2008 og frávik frá meðaltali.

	Meðaltal	Fjöldi		% af heild '08	Frávik frá '05-'07	
	'05-'07	2007	2008		2008	% 2008
14 ára og yngri	3.037	2.972	3.026	18,4	-11	-0,4
15-20 ára	1.178	1.197	1.228	7,5	50	4,2
- þar af 15-17 ára	597	594	557	3,4	-40	-6,6
- þar af 18-20 ára	581	603	671	4,1	90	15,4
21-30 ára	3.266	3.400	3.457	21,1	191	5,8
31-40 ára	2.447	2.482	2.557	15,6	110	4,5
41-50 ára	2.121	2.092	2.079	12,7	-42	-2,0
51-70 ára	2.587	2.652	2.733	16,7	146	5,6
71 árs eldri	1.389	1.361	1.326	8,1	-63	-4,5
Samtals	16.025	16.156	16.406	100,0	381	2,4

Árið 2008 var tilkynnt um 626 brot í Vesturbænum í þeim brotaflokkum sem sjá má í töflu 48, en það er 114 brotum fleira en árið 2007 eða nánast jafnmikil fjölgun milli ára og var fækkun árið á undan. Ef litið er til meðaltals árána 2005-2007 nemur fjölgunin árið 2008 rúmlega 22 prósentum. Þar munar mest um auðgunarbrot en þeim fjölgaði um 41 prósent árið 2008 borið saman við meðaltal árána 2005-2007 og fjölgaði innbrotum einum um 14 prósent. Þá fjölgaði eignaspjöllum á sama tíma um tæp 11 prósent, en öðrum brotum fækkaði í samanburði við meðalfjölda brota árin 2005-2007 (tafla 44).

Tafla 44. Fjöldi brota í Vesturbæ 2006-2008 og frávik frá meðaltali.

	Fjöldi			Meðaltal	Frávik frá '05-'07	
	2006	2007	2008	'05-'07	Fjöldi	%
Ofbeldisbrot	39	39	31	37	-5,7	-15,5%
Fíkniefnabrot	45	54	43	46	-3,3	-7,2%
Auðgunarbrot	350	251	399	283	116,0	41,0%
- þar af innbrot	125	115	140	123	17,0	13,8%
Eignaspjöll	172	134	132	119	12,7	10,6%
Nytjastuldur	16	20	11	15	-4,0	-26,7%
Kynferðisbrot	6	15	10	12	-1,7	-14,3%
Samtals	628	513	626	512	114,0	22,3%

Miðborg

Við árslok 2008 voru íbúar Miðborgar 8.433. Þar af voru rúm 16 prósent á aldrinum 20 ára og yngri (tafla 45). Nokkuð fækkaði í yngstu aldurshópunum árið 2008 og þá sérstaklega á aldursbilinu 15-17 ára samanborið við aldurssamsetningu Miðborgar á árunum 2005 til 2007. Meira en fjórðungur íbúa var á aldrinum 21-30 ára við árslok 2008.

Tafla 45. Fjöldi íbúa í Miðborg 2007 og 2008 og frávik frá meðaltali.

	Meðaltal	Fjöldi		% af heild '08	Frávik frá '05-'07	
	'05-'07	2007	2008		2008	% 2008
14 ára og yngri	982	973	948	11,2	-34	-3,5
15-20 ára	445	430	444	5,3	-1	-0,1
- þar af 15-17 ára	182	167	156	1,8	-26	-14,3
- þar af 18-20 ára	263	263	288	3,4	25	9,6
21-30 ára	2.081	2.124	2.243	26,6	162	7,8
31-40 ára	1.412	1.469	1.558	18,5	146	10,3
41-50 ára	1.071	1.085	1.058	12,5	-13	-1,2
51-70 ára	1.386	1.419	1.503	17,8	117	8,4
71 árs eldri	721	695	679	8,1	-42	-5,8
Samtals	8.098	8.195	8.433	100,0	335	4,1

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar veitti 313 einstaklingum eða fjölskyldum fjárhagsaðstoð árið 2008 sem er 3,7 prósent íbúa svæðisins. Þetta er hæsta hlutfall veittrar aðstoðar af öllum svæðum á höfuðborgarsvæðinu. Árið 2008 voru um 273 félagslegar íbúðir á hverja 10.000 íbúa. Íbúar Miðborgar höfðu frekar lágar atvinnutekjur miðað við önnur hverfi í borginni en meðalatvinnutekjur þeirra voru kr. 3.688.000 fyrir árið 2008 og lenda þeir í fjórða neðsta sæti á höfuðborgarsvæðinu hvað það varðar.

Árið 2008 voru skráð 2.058 brot í Miðborg sem er fjölgun um 277 brot eða um 16 prósent samanborið við meðaltal áranna 2005-2007. Fjölgun brota má alfarið rekja til þess að auðgunarbrotum fjölgaði um meira en helming eða næstum 400 brot. Þar af fjölgaði innbrotum um 37 prósent eða 92 brot. Annars fækkaði almennt brotum í Miðborg að eignaspjöllum undanskildum (tafla 46).

Tafla 46. Fjöldi brota í Miðborg 2006-2008 og frávik frá meðaltali.

	Fjöldi			Meðaltal Frávik frá '05-'07		
	2006	2007	2008	'05-'07	Fjöldi	%
Ofbeldisbrot	333	326	308	322	-14,3	-4,4%
Fíkniefnabrot	331	369	223	331	-108,0	-32,6%
Auðgunarbrot	832	736	1.131	733	398,3	54,4%
- þar af innbrot	304	245	340	248	92,3	37,3%
Eignaspjöll	415	340	332	328	3,7	1,1%
Nytjastuldur	50	37	39	40	-0,7	-1,7%
Kynferðisbrot	21	31	25	27	-1,7	-6,3%
Samtals	1.982	1.839	2.058	1.781	277,3	15,6%

Seltjarnarnes

Við árslok 2008 bjuggu 4.403 einstaklingar á Seltjarnarnesi (tafla 47). Þar af voru tæplega 30 prósent á aldrinum 20 ára og yngri og tæp 11 prósent á aldrinum 18-20 ára.

Seltjarnarnesbær veitti 37 einstaklingum eða fjölskyldum fjárhagslega aðstoð árið 2008 sem er innan við eitt prósent af íbúafjölda bæjarins. Seltjarnarnesbær á u.þ.b. 30 félagslegar íbúðir á hverja 10.000 íbúa. Meðalatvinnutekjur íbúa á Seltjarnarnesi fyrir árið 2008 voru kr. 4.478.000 sem eru aðrar hæstu meðaltekjur á höfuðborgarsvæðinu.

Tafla 47. Fjöldi íbúa á Seltjarnarnesi 2007 og 2008 og frávik frá meðaltali.

	Meðaltal	Fjöldi		% af heild '08	Frávik frá '05-'07	
	'05-'07	2007	2008		2008	% 2008
14 ára og yngri	899	874	828	18,8	-71	-7,9
15-20 ára	461	473	466	10,6	5	1,0
- þar af 15-17 ára	243	232	228	5,2	-15	-6,0
- þar af 18-20 ára	219	241	238	5,4	19	8,8
21-30 ára	523	510	505	11,5	-18	-3,4
31-40 ára	517	526	531	12,1	14	2,7
41-50 ára	698	676	629	14,3	-69	-9,9
51-70 ára	1.008	1.018	1.062	24,1	54	5,3
71 árs eldri	355	369	382	8,7	27	7,5
Samtals	4.463	4.446	4.403	100,0	-60	-1,3

Árið 2008 voru skráð 73 brot á Seltjarnarnesi sem er tæplega þriðjungsfækkun frá meðaltali árána 2005 til 2007 og mesta fækkun brota á höfuðborgarsvæðinu. Öllum brotum fækkaði en þar má helst nefna að

eignaspjöllum fækkaði um þriðjung, auðgunarbrotum um 17 prósent þar sem innbrotum fækkaði um rúman fjórðung (tafla 48).

Tafla 48. Fjöldi brota á Seltjarnarnesi 2006-2008 og frávik frá meðaltali.

	Fjöldi		Meðaltal		Frávik frá '05-'07	
	2006	2007	2008	'05-'07	Fjöldi	%
Ofbeldisbrot	8	11	3	8	-5,3	
Fíkniefnabrot	8	8	0	6	-6,3	
Auðgunarbrot	73	53	51	62	-10,7	-17,3%
- þar af innbrot	30	27	20	27	-7,0	-25,9%
Eignaspjöll	28	27	17	25	-7,7	-31,1%
Nytjastuldur	4	6	1	4	-3,0	
Kynferðisbrot	4	1	1	2	-1,0	
Samtals	125	106	73	107	-34,0	-31,8%

Hlutfallstölur eru ekki sýndar í þeim tilvikum þar sem um færri en átta brot er að ræða.




Reynsla íbúa höfuðborgarsvæðisins af lögreglu og afbrotum

Spurningalistakönnun var lögð fyrir íbúa höfuðborgarsvæðisins þriðja árið í röð þar sem þeir voru spurðir út í viðhorf til lögreglu, ótta við afbrot og eigin reynslu af afbrotum. Hér er fjallað um niðurstöður könnunarinnar. Annars vegar er heildardreifing svara skoðuð með samanburði við sambærilegar kannanir síðustu ára og hins vegar er dreifing svara greind út frá kyni, aldri og búsetu. Þó úrtak rannsóknarinnar hafi verið stórt þarf að túlka mun á svörum með fyrirvara, sérstaklega þegar fjallað er um mun á milli svæða, enda um mörg svæði að ræða og því kunna að vera fáir svarendur að baki hlutfallstölum. Tekið er sérstaklega fram ef munur er tölfræðilega marktækur, annars er ekki um marktækan mun að ræða.

Viðhorf til starfa lögreglu og aðgengi að henni

Spurt var hversu góðu eða slæmu starfi fólki fannst lögreglan skila í sínu hverfi við að stemma stigu við afbrotum. Alls sögðu yfir 90 prósent þátttakenda lögreglu skila mjög eða frekar góðu starfi í sínu hverfi og innan við 10 prósent töldu hana vera að skila frekar slæmu eða mjög slæmu starfi. Rúmlega fjórðungur þátttakenda sagði lögreglu skila mjög góðu starfi en 65 prósent sögðu hana skila frekar góðu starfi (mynd 34).




Hlutfall í %

Mynd 34. Hversu góðu eða slæmu starfi finnst þér lögreglan skila í hverfi þínu við að stemma stigu við afbrotum?


Þá sögðu tæplega sjö prósent þátttakenda lögreglu skila frekar slæmu starfi og 2,5 prósent mjög slæmu starfi. Marktækt fleiri segja lögreglu skila mjög góðu starfi í þessari könnun heldur en þeirri síðustu og að sama skapi segja færri lögreglu skila slæmu starfi nú.

Ekki er marktækur munur á viðhorfum karla og kvenna til starfa lögreglunnar, né heldur ef svör eru greind eftir aldri og búsetu (tafla 49). Þó kemur fram að þeim sem finnst lögreglan skila mjög góðu starfi fjölgar hlutfallslega eftir miðjan aldur og þá taldi hærra hlutfall íbúa í Laugardal og Háaleiti, í Vesturbæ og Seltjarnarnesi en íbúar annarra svæða lögreglu skila mjög góðu starfi.

Tafla 49. Hversu góðu eða slæmu starfi finnst þér lögreglan skila í hverfi þínu? Greint eftir kyni, aldri og búsetu.




Þátttakendur voru spurðir að því hversu aðgengileg eða óaðgengileg þeim þætti lögreglan vera í þeirra hverfi eða byggðarlagi. Tæp 74 prósent svarenda sögðu lögregluna vera aðgengilega, þar af ríflega fjórðungur mjög aðgengilega og er það nokkru meira en í síðustu könnun. Um einn af hverjum fjórum svarendum taldi lögreglu vera óaðgengilega í sínu hverfi (mynd 35).




Mynd 35. Þegar þú hugsar um aðgengi þitt að lögreglunni, t.d. til að fá upplýsingar, aðstoð eða fræðslu þegar á þarf að halda, hversu aðgengileg eða óaðgengileg finnst þér lögreglan vera í þínu hverfi/byggðarlagi?

Ekki var marktækur munur á svörum karla og kvenna, þó vísbendingar séu um að konum finnst lögreglan aðgengilegri en körlum og eldri kynslóðinni fremur en hinni yngri (tafla 50).

Tafla 50. Þegar þú hugsar um aðgengi þitt að lögreglunni, t.d. til að fá upplýsingar, aðstoð eða fræðslu þegar á þarf að halda, hversu aðgengileg eða óaðgengileg finnst þér lögreglan vera í þínu hverfi/byggðarlagi? Greint eftir kyni, aldri og búsetu.






Mynd 36. Hversu oft sérð þú lögreglumann eða lögreglubíl í þínu hverfi/byggðarlagi að jafnaði?

Spurt var hversu oft þátttakendur sæju lögreglumann í sínu hverfi að jafnaði. Þeim fækkaði frá síðustu könnun sem sáu lögreglu oftar en einu sinni í viku (28,5%) og eins þeim sem sáu lögreglu aldrei (10,9%). Hinsvegar fjölgaði þeim sem sáu lögreglu einu sinni í mánuði (31,5%) og sömuleiðis þeim sem sáu lögreglu allt að því vikulega (28,5%) (mynd 36).

Tafla 51. Hversu oft sérð þú lögreglumann eða lögreglubíl í þínu hverfi/byggðarlagi að jafnaði?




* Marktækur munur á milli hópa

Pegar litið er á svör eftir búsetu kemur fram að mun hærra hlutfall íbúa Miðborgarinnar, Mosfellsbæjar, Breiðholts og Hlíða sagðist sjá lögregluna oftast en einu sinni í viku en íbúar annarra hverfa. Íbúar Garðabæjar og Álftanes, Laugardals og Háaleitis, Árbæjar og Grafarholts sögðust hinsvegar sjá lögreglu sjaldnar en íbúar annarra hverfa (tafla 51).

Hvaða brot telur þú vera mesta vandamálið í þínu hverfi?

Spurt var hvaða afbrot fólk teldi vera mesta vandamálið í sínu hverfi. Mynd 37 sýnir að nokkrar breytingar hafa orðið á því hvaða afbrot fólk taldi vera mesta vandamálið í sínu hverfi og er marktækur munur á svörum milli kannana. Ríflega helmingur svarenda (56%) taldi innbrot vera mesta vanda-



Mynd 37. Hvaða brot telur þú mesta vandamálið í þínu hverfi?

málið í sínu hverfi. Þetta er mun hærra hlutfall en mældist í síðustu könnunum, þegar um þriðjungur svarenda nefndi innbrot. Þessi niðurstaða helst í hendur við aukinn fjölda innbrota á mánuðunum fyrir könnunina og jafnframt mikla fjölmiðlaumfjöllun um vaxandi innbrotatíðni. Færri nefndu nú umferðarlagabrot (16,9%) og eignaspjöll (7,4%) sem mesta vandamálið. Hins vegar fjölgaði þeim sem nefndu þjófnaði (7,2%) og fíkniefnaneyslu (7,2%) sem mesta vandamálið frá fyrri könnun.

Helsti munurinn á svörum karla og kvenna var sá að konur nefndu fremur innbrot en karlar nefndu frekar umferðarlagabrot sem mesta vandamálið (tafla 52). Ekki er þó um marktækan mun að ræða á svörum kynjanna. Þegar viðhorf til þess hvaða afbrot voru talin mesta vandamálið er skoðað eftir aldri svarenda kemur fram marktækur munur á svörum milli hópa en áberandi hátt hlutfall þátttakenda á aldrinum 56 til 65 ára taldi innbrot vera mesta vandamálið í sínu hverfi. Þá töldu fleiri í aldurshópnum 18-25 ára fíkniefni vera mesta vandamálið, en einstaklingar í öðrum aldurshópum.


Tafla 52. Hvaða afbrot telur þú mesta vandamálið í þínu hverfi? Greint eftir kyni, aldri og búsetu.

	Fjöldi svara	Innbrot	Umferðarlagabrot	Eignaspjöll	Fíkniefnaneysla	Þjófnaður	Annað
Kyn							
Karlar	431	52,2%	19,3%	7,9%	8,1%	6,5%	6,0%
Konur	450	59,6%	14,7%	6,9%	6,2%	7,8%	4,9%
Aldur							
18-25	130	45,4%	20,0%	8,5%	11,5%	6,9%	7,7%
26-35	188	55,9%	18,6%	8,5%	5,3%	5,9%	5,9%
36-45	180	56,7%	22,2%	8,3%	4,4%	6,1%	2,2%
46-55	165	57,0%	16,4%	8,5%	9,7%	4,2%	4,2%
56-65	107	72,0%	9,3%	1,9%	5,6%	7,5%	3,7%
66-75	76	53,9%	11,8%	5,3%	5,3%	14,5%	9,2%
Búseta							
Miðborg	72	38,9%	6,9%	11,1%	9,7%	12,5%	20,8%
Vesturbær, Seltjarnarnes	62	61,3%	12,9%	12,9%	1,6%	8,1%	3,2%
Hlíðar	80	52,5%	13,8%	5,0%	12,5%	5,0%	11,3%
Laugardalur, Háaleiti	91	54,9%	20,9%	7,7%	5,5%	6,6%	4,4%
Breiðholt	56	58,9%	3,6%	5,4%	17,9%	7,1%	7,1%
Árbær, Grafarholt	59	47,5%	23,7%	6,8%	8,5%	8,5%	5,1%
Grafarvogur	94	60,6%	14,9%	13,8%	3,2%	5,3%	2,1%
Kópavogur	145	63,4%	21,4%	3,4%	4,8%	5,5%	1,4%
Garðabær, Álftanes	62	69,4%	8,1%	8,1%	4,8%	4,8%	4,8%
Hafnarfjörður	103	43,7%	29,1%	4,9%	6,8%	11,7%	3,9%
Mosfellsbær, Kjalarnes	57	64,9%	17,5%	5,3%	8,8%	3,5%	0,0%

Hlutfallslega fleiri íbúar í Garðabæ og Álftanesi töldu innbrot mesta vandamálið en íbúar á öðrum svæðum. Umferðarlagabrot voru talin mesta vandamálið af herra hlutfalli íbúa Hafnarfjarðar en annarra svæða og eignaspjöll af herra hlutfalli íbúa Grafarvogs en annarra svæða. Íbúar í Breiðholti töldu fíkniefnavandann meiri þar en íbúar annarra svæða og þjófnaðir voru taldir meiri vandi af íbúum Miðborgarinnar. Í Miðborginni nefndu tæp 21 prósent annað, en þar af ollu ofbeldisbrot íbúum mestum áhyggjum. Marktækur munur er á svörum eftir svæðum höfuðborgarinnar.

Ótti við afbrot

Þátttakendur voru spurðir um öryggi í eigin heimabyggð eða hverfi og kom fram að yfirgnæfandi meirihluti taldi sig vera örugga eina á gangi að næturlagi, þar af ríflega helmingur mjög örugga, en rúm tíu prósent fundu fyrir óöryggi. Þetta eru mjög svipaðar niðurstöður og í fyrri könnun og er ekki um marktækan munur að ræða (mynd 38).




Mynd 38. Hversu örugg(ur)/óörugg(ur) finnst þér þú vera þegar þú gengur ein/einn í þínu hverfi þegar myrkur er skallið á?

Karlar finna fyrir mun meira öryggi á sínum heimaslóðum heldur en konur en einungis þrjú prósent þeirra sögðust finna fyrir óöryggi á móti 19 prósentum kvenna (tafla 53). Almennt finna yngri svarendur fyrir meira öryggi einir á gangi að næturlagi í sínu hverfi en hinir eldri þó ekki greinist marktækur munur á svörum eftir aldri.


Þegar svör eru greind eftir svæðum sést að íbúar Miðborgarinnar eru óöruggari en íbúar annarra svæða. Almennt virðast íbúar öruggari í sínu

hverfi eftir því sem fjær dregur miðborginni, þó íbúar í Vesturbæ og á Seltjarnarnesi telji sig með þeim öruggari.

Tafla 53. Hversu örugg(ur)/óörugg(ur) finnst þér þú vera þegar þú gengur ein/einn í þínu hverfi þegar myrkur er skallið á? Greint eftir kyni, aldri og búsetu.



Þeim sem segjast mjög öruggir þegar þeir ganga einir í miðborginni eftir að myrkur skellur á fer fækkandi annað árið í röð (6,8%). Hinsvegar fjölgar þeim sem segjast frekar öruggir (30,2%).





Mynd 39. Hversu örugg(ur)/óörugg(ur) finnst þér þú vera þegar þú gengur in/einn í miðborg Reykjavíkur þegar myrkur er skallið á eða eftir miðnætti um helgar?

Samtals finna tæplega 63 prósent íbúa höfuðborgarsvæðisins fyrir óöryggi einir á gangi þegar myrkur er skolið á um helgar í miðborg Reykjavíkur og fer öryggistilfinningin marktækt minnkandi ef borið er saman við fyrri kannanir (mynd 39). Hér er vísað til miðborgarinnar sem þess svæðis þar sem skemmtanalíf borgarbúa fer að verulegu leyti fram um hverja helgi, en ekki hverfisins Miðborg sem nær til stærra svæðis.

Karlar töldu sig vera mun öruggari en konur við fyrrgreindar aðstæður, en ríflega helmingur þeirra taldi sig mjög eða frekar öruggan á móti 21 prósentu kvenna (tafla 54). Yngri aldurshóparnir töldu sig mun öruggari en þeir eldri, ríflega helmingur svarenda á aldrinum 18 til 25 ára taldi sig vera frekar eða mjög örugga, en aftur á móti töldu 81 prósent svarenda á aldrinum 66 til 76 ára sig frekar eða mjög óörugga. Nokkur munur er á því hversu mikið öryggi fólk upplifir í miðborginni eftir því í hvaða hverfi það býr. Íbúar Miðborgarinnar og nágrennis hafa meiri öryggistilfinningu í miðborginni heldur en íbúar utan hennar og ekki síst þeirra svæða sem lengra eru frá miðborginni.

Tafla 54. Hversu örugg(ur)/óörugg(ur) finnst þér þú vera þegar þú gengur ein/einn í miðborg Reykjavíkur þegar myrkur er skolið á eða eftir miðnætti um helgar? Greint eftir kyni, aldri og búsetu.






Hlutfall í %

Mynd 40. Hversu oft, ef einhvern tímann, voru aðstæður þannig hjá þér árið 2008 að þú taldir líklegt að þú yrðir fyrir afbroti hér á landi?

Þátttakendur voru spurðir hversu oft aðstæður hafi verið þannig hjá þeim á síðastliðnum 12 mánuðum að þeir töldu líklegt að þeir yrðu fyrir afbroti. Tæp 63 prósent sögðust aldrei hafa upplifað aðstæður sínar þannig árið 2008. Af þessu má sjá að fleiri töldu líklegt að þeir yrðu fyrir afbroti árið 2008 en árin á undan (mynd 40).


Tafla 55. Þeir sem sögðu aðstæður einhvern tímann eða aldrei hafa verið þannig að þeir töldu líklegt að þeir yrðu fyrir afbroti, greindir eftir kyni, aldri og búsetu.



* Marktækur munur á milli hópa


Ekki kom fram marktækur munur á svörum eftir kyni þegar þátttakendur voru spurðir hvort þeir hefðu einhvern tímamann á síðustu 12 mánuðum fyrir könnunina talið líklegt að verða fyrir afbroti, en 37 prósent kvenna höfðu talið sig í þannig aðstæðum á móti 38 prósentum karla (tafla 55). Þeir sem voru yngri sögðust fremur en þeir sem eldri eru hafa talið líklegt að þeir yrðu fyrir afbroti og er marktækur munur á milli aldurshópa. Ekki er marktækur munur á svörum eftir svæðum, en meira en helmingur íbúa Breiðholts töldu sjaldan eða oft líkur á því að verða fyrir afbroti eða mun fleiri en á öðrum svæðum (tafla 55).

Tafla 56. Hversu oft, ef einhvern tímamann, voru aðstæður þannig hjá þér árið 2008 að þú taldir líklegt að þú yrðir fyrir afbroti hér á landi? Greint eftir kyni, aldri og búsetu. Einungis svör þeirra sem sögðu „sjaldan“ eða „oft“ eru greind hér.



Af þeim sem sögðust einhvern tíma á síðustu 12 mánuðum hafa talið líklegt að verða fyrir afbroti virðast íbúar Miðborgarinnar, Hlíða, Laugardals og Háaleitis oftast upplifa sig í þannig aðstæðum en aðrir íbúar höfuðborgarsvæðisins. Þá taldi óvenju hátt hlutfall íbúa Garðabæjar og Álftaness oft líkur á að verða fyrir broti miðað við afbrotatíðni þar (tafla 56).

Þeir sem sögðust einhvern tímann hafa verið í þeim aðstæðum að þeir teldu líklegt að þeir yrðu fyrir afbroti, voru spurðir út í það hvaða afbroti þeir óttuðust mest að verða fyrir. Meira en helmingur þeirra sagðist hafa óttast mest að verða fyrir innbroti eða um 12 prósentustigum fleiri en í síðustu könnun. Tæplega fjórðungur sagðist hafa óttast mest ofbeldisbrot sem er fækkun frá síðustu könnun. Almennt fjölgaði þeim sem óttuðust auðgunarbrot, en þeim fækkaði sem óttuðust ofbeldisbrot, skemmdarverk eða önnur brot (mynd 41).




Mynd 41. Þegar þú óttaðist síðast að verða fyrir afbroti, hvaða afbroti óttaðist þú mest að verða fyrir?

Karlar voru ívið líklegri til að nefna innbrot en konur, þegar spurt var hvaða afbrot þeir óttuðust síðast að verða fyrir, þó ekki sé um marktækan mun að ræða. Þá nefndu konur fremur ofbeldisbrot heldur en karlar (tafla 57). Aðal áhyggjuefni yngsta aldurshópsins var að verða fyrir ofbeldisbroti, síðast þegar þeir óttuðust að verða fyrir afbroti, en aðrir aldurshópar nefndu helst innbrot. Íbúar flestra svæða óttuðust mest að verða fyrir innbroti, en engir þó eins mikið og íbúar Árbæjar, Grafarholts, Garðabæjar

og Álftanes. Í Vesturbæ og á Seltjarnarnesi nefndu menn jafnt innbrot og ofbeldisbrot, en hvergi nefndu jafn margir ofbeldisbrot og þar.

Tafla 57. Þegar þú óttaðist síðast að verða fyrir afbroti, hvaða afbroti óttaðist þú mest að verða fyrir?




* Marktækur munur á milli hópa



Reynsla af afbrotum

Þátttakendur voru spurðir út í reynslu af innbroti/þjófnaði, ofbeldi, eignaskemmdum eða kynferðisbroti á síðustu 12 mánuðum áður en rannsóknin var framkvæmd. Tæplega 23 prósent þátttakenda hafði orðið fyrir einu eða fleirum af ofantöldum afbrotum á síðustu 12 mánuðum sem er ívið færri en í síðustu könnun.



Mynd 42. Hlutfall þeirra sem urðu fyrir eignaskemmdum, innbroti eða þjófnaði eða ofbeldisbroti á síðustu 12 mánuðum áður en rannsóknin var framkvæmd.


Mun færri höfðu orðið fyrir eignaskemmdum en í síðustu könnun eða 14,5 prósent, rúmlega 11 prósent sögðust hafa orðið fyrir innbroti eða þjófnaði og rúm þrjú prósent höfðu orðið fyrir ofbeldisbroti (mynd 42).

Þegar reynsla af brotum er skoðuð eftir kyni kemur í ljós að fleiri karlar en konur höfðu orðið fyrir eignaskemmdum og það sama gildi um ofbeldisbrot. Þegar reynsla af afbrotum er skoðuð eftir aldri kemur í ljós að yngri aldurshóparnir eru líklegri til að hafa orðið fyrir ofbeldisbroti en þeir sem eldri eru. Aftur á móti hafa elstu aldurshóparnir almennt minni reynslu af afbrotum en aðrir aldurshópar. Um fjórðungur íbúa Miðborgarinnar sagðist hafa orðið fyrir eignaskemmdum á síðustu 12 mánuðum fyrir framkvæmd könnunarinnar eða mun færri en í síðustu könnun, en þó mun fleiri en á öðrum svæðum höfuðborgarsvæðisins. Hærra hlutfall íbúa Breiðholts sagðist hafa orðið fyrir innbroti en íbúar annarra svæða eða um 19 prósent. Íbúar Garðabæjar og Álftaness höfðu almennt sloppið betur en aðrir við afbrot af einu eða öðru tagi (tafla 58).

Tafla 58. Hlutfall þeirra sem urðu fyrir eignaskemmdum, innbroti/þjófnaði eða ofbeldisbroti á síðustu 12 mánuðum fyrir könnunina. Greint eftir kyni, aldri og búsetu.


	Eignaskemmdum	Innbroti eða þjófnaði	Ofbeldisbrot
Kyn			
Karlar	17,0%	10,2%	5,2%
Konur	12,2%	12,5%	1,4%
Aldur			
18-25	13,1%	14,2%	11,5%
26-35	12,2%	12,2%	3,4%
36-45	21,6%	13,4%	0,4%
46-55	16,5%	11,7%	2,2%
56-65	11,8%	8,9%	1,2%
66-75	10,3%	5,6%	1,9%
Hverfi			
Miðborg	24,4%	15,6%	3,3%
Hlíðar	14,3%	11,6%	1,8%
Vesturbær, Seltjarnarnes	12,9%	10,6%	2,4%
Laugardalur, Háaleiti	10,2%	14,8%	6,3%
Breiðholt	17,6%	19,1%	5,9%
Árbær, Grafarholt	14,9%	10,3%	1,1%
Grafarvogur	14,8%	8,5%	0,7%
Kópavogur	14,9%	8,9%	2,0%
Garðabær, Álftanes	6,5%	6,5%	5,4%
Hafnarfjörður	17,3%	13,6%	4,9%
Mosfellsbær, Kjalarnes	11,5%	9,0%	2,6%

Þátttakendur voru spurðir hvort þeir tilkynntu þau brot sem þeir urðu fyrir til lögreglu. 71 prósent þátttakenda sögðust hafa tilkynnt innbrotið eða þjófnaðinn eða mun fleiri en í fyrri könnunum. Þá sögðu 42,5 prósent að þeir hefðu tilkynnt ofbeldisbrotið og 45,3 prósent eignaspjöllin eða í báðum tilvikum hærra hlutfall en kom fram í síðustu könnun (mynd 43).



Mynd 43. Hlutfall þeirra sem urðu fyrir innbroti eða þjófnaði, eignaspjöllum eða ofbeldi á síðustu 12 mánuðum fyrir rannsóknina og tilkynntu það til lögreglunnar.


Spurt var hvort þátttakendur hefðu haft samskipti við lögreglu af öðrum ástæðum á síðustu 12 mánuðum. Fram kom að auk þeirra sem urðu fyrir áðurnefndum afbrotum og tilkynntu þau til lögreglu höfðu 323 þátttakendur eða ríflega fjórðungur samskipti við lögregluna af öðrum ástæðum, þannig að samanlagt sögðust því rúm 34 prósent hafa haft samskipti við lögreglu á 12 mánaða tímabili af einhverjum ástæðum.



Mynd 44. Hlutfall þeirra sem áttu önnur samskipti við lögreglu á síðustu 12 mánuðum greint eftir ástæðu samskiptanna.

Mynd 44 sýnir helstu ástæður annarra samskipta við lögreglu en tilkynning þeirra brota sem fjallað hefur verið um. Tæplega 19 prósent samskipta þátttakenda við lögreglu voru vegna umferðarlagabrota bæði sem hlutaðeigandi aðilar og vitni en það er lægra hlutfall en í síðustu könnun. Um 15 prósent sögðust hafa átt samskipti við lögreglu vegna umferðarslyss eða tveimur prósentustigum fleiri en í síðustu könnun og rúm 14 prósent höfðu samband vegna hávaða eða drykkjuláta. Um 10 prósent átti í samskiptum við lögreglu vegna aðstoðar við borgara eða nokkru færri en í síðustu könnun. Fleiri höfðu samband vegna innbrots eða þjófnaðar en í síðustu könnun eða rúmlega átta prósent. Tæp sjö prósent höfðu samband vegna starfs síns og svipað hlutfall vegna ofbeldis. Þá tilkynntu rúm fimm prósent um ólöglegt athæfi eða nokkru fleiri en í síðustu könnun.


Þeir þátttakendur sem höfðu haft samskipti við lögregluna voru spurðir um hversu ánægðir þeir væru með þá þjónustu sem þeir höfðu fengið. Þeim svarendum sem sögðust vera ánægðir með þjónustuna fjölgaði frá síðustu könnun, en tæp 39 prósent sögðust mjög ánægðir og um 36 prósent frekar ánægðir. Tæp 12 prósent þátttakenda voru mjög óánægðir og 13,5 prósent frekar óánægðir með þjónustu lögreglunnar (mynd 45).



Mynd 45. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) varst þú með þá þjónustu sem þú fékkst hjá lögreglu vegna samskipta við hana á síðasta ári?

Í töflu 59 kemur fram að minni ánægja var með þjónustu lögreglunnar hjá svarendum á aldrinum 46-55 ára en öðrum svarendum, en 35 prósent þeirra sögðust óánægðir. Íbúar Árbæjar, Grafarholts og Breiðholts voru ánægðastir með þá þjónustu sem þeir höfðu fengið hjá lögreglunni en íbúar Hafnarfjarðar voru óánægðastir (tafla 59). Ekki er þó tölfræðilega marktækur munur á svörum milli hópa í þessari spurningu.


Tafla 59. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) varst þú með þá þjónustu sem þú fékkst hjá lögreglu vegna samskipta við hana á síðasta ári?



Samanburður milli svæða


Þegar afbrotatölur eru bornar saman á milli svæða er mikilvægt að taka tillit til íbúafjölda, til að sjá að hve miklu leyti dreifing brota á höfuðborgarsvæðinu ræðst af íbúafjölda á svæðunum. Í þessum kafla eru upplýsingar frá lögreglu um fjölda afbrota bornar saman á milli löggæslusvæða að teknu tilliti til íbúafjölda. Skoðaðar eru helstu brotategundir sem fjallað er um í þessari skýrslu.

Fram kemur að fleiri hegningarlagabrot áttu sér stað á svæði lögreglustöðvar 5 en á öðrum svæðum að teknu tilliti til íbúafjölda (mynd 46). Meginskýringin á því er sú að Miðborg er eitt af hverfum svæðisins en þar eiga flest afbrot sér stað miðað við íbúafjölda enda vettvangur skemmtanalífs höfuðborgarbúa um helgar (mynd 47). Árið 2008 var fjöldi hegningarlagabrota miðað við íbúafjölda næst mestur á svæði lögreglustöðvar 1 eða í austurbæ Reykjavíkur. Fjöldi brota á hverja 10.000 íbúa var svipaður á svæði lögreglustöðvar 3 og 4, en lægstur á svæði lögreglustöðvar 2 - í Hafnarfirði, Garðabæ og Álftanesi (mynd 46).



Mynd 46. Fjöldi hegningarlagabrota á hverja 10.000 íbúa árin 2006 til 2008, greint eftir löggæslusvæðum.


Eins og sjá má á mynd 47 þá koma svæðin þrjú sem tilheyra lögreglustöð 1 - Laugardalur, Hlíðar og Háaleiti næst á eftir Miðborg hvað varðar fjölda hegningarlagabrota miðað við íbúafjölda. Færri hegningarlagabrot áttu sér hins vegar stað á Seltjarnarnesi og Álftanesi en á öðrum svæðum að teknu tilliti til íbúafjölda (mynd 47).



Mynd 47. Fjöldi hegningarlagabrota á hverja 10.000 íbúa árin 2006 til 2008, greint eftir svæðum.


Ofbeldisbrot

Mynd 48 sýnir dreifingu ofbeldisbrota eftir löggæslusvæðum. Fram kemur að árið 2008 áttu fleiri brot sér stað á hverja 10.000 íbúa á svæði lögreglustöðvar 5 heldur en á öllum hinum svæðunum til samans. Á svæðum 2 til 4 skiptist fjöldi ofbeldisbrota nokkuð jafnt miðað við íbúafjölda en hann var ívið meiri á svæði lögreglustöðvar 1. Þá kemur fram að árið 2008 fækkaði ofbeldisbrotum á öllum svæðunum frá árinu á undan.




Mynd 48. Fjöldi ofbeldisbrota á hverja 10.000 íbúa árin 2006 til 2008, greint eftir löggæslusvæðum.

Ef litið er á mynd 49 sést að Miðborg ein og sér skekkir dreifingu ofbeldisbrota á svæðunum 5, en um 365 brot áttu sér stað þar árið 2008 á hverja 10.000 íbúa, eða yfirgnæfandi meirihluti þessarar brota. Á öðrum svæðum voru tilkynnt innan við 50 ofbeldisbrot á hverja 10.000 íbúa árið 2008, en næst á eftir Miðborg komu svæði lögreglustöðvar 1, Hlíðar, Laugardalur og Háaleiti. Ofbeldisbrot miðað við fjölda íbúa voru færri á Álftanesi, Seltjarnarnesi, í Grafarholti og Norðlingaholti heldur en á öðrum svæðum. Árið 2008 fækkaði ofbeldisbrotum nánast á öllum svæðum frá árinu á undan.



Mynd 49. Fjöldi ofbeldisbrota á hverja 10.000 íbúa árin 2006 til 2008, greint eftir svæðum.

Eins og fram kemur á mynd 49 er fjöldi ofbeldisbrota í Miðborg ekki í neinu samræmi við íbúafjölda þar, heldur mun hærri en á öðrum svæðum. Til að skoða línuleg tengsl íbúafjölda við tíðni ofbeldisbrota þarf því að taka Miðborg út og kemur þá í ljós að á öðrum svæðum höfuðborgarinnar eru sterk tengsl þarna á milli (mynd 50). Tíðni ofbeldisbrota er hærri í Hafnarfirði, Laugardal, Háaleiti og Hlíðum en við mætti búast miðað við íbúafjölda. Hins vegar er tíðni þessara brota lægri en við mætti búast ef miðað er við íbúafjölda t.d. í Kópavogi, Grafarvogi og Garðabæ.




Mynd 50. Einföld aðhvarfsgreining á dreifingu ofbeldisbrota árið 2008 eftir fjölda íbúa í hverju hverfi fyrir sig.



Fíkniefnabrot


Fram kemur að árið 2008 fækkaði fíkniefnabrotum á hverja 10.000 íbúa á öllum svæðunum frá árunum á undan (mynd 51). Flest brotin komu upp á svæði lögreglustöðvar 5 líkt og með ofbeldisbrotin eða 91 á hverja 10.000 íbúa. Fæst voru brotin á svæði 2 eða 21.



Mynd 51. Fjöldi fíkniefnabrota á hverja 10.000 íbúa árin 2006 til 2008, greint eftir löggæslusvæðum.


Á mynd 52 kemur fram að flest þessara brota áttu sér stað í Miðborginni eða 264 á hverja 10.000 íbúa. Þar á eftir koma Laugardalur með 76 brot og Hlíðar með 59 fíkniefnabrot á hverja 10.000 íbúa árið 2008. Innan við 10 fíkniefnabrot komu upp á hverja 10.000 íbúa í Grafarholti og Norðlingaholti og einnig í Mosfellsbæ, á Kjalarnesi og í Kjósahreppi, en á Seltjarnarnes var ekki skráð eitt einasta fíkniefnabrot árið 2008.





Mynd 52. Fjöldi fíkniefnabrota á hverja 10.000 íbúa árin 2006 til 2008, greint eftir svæðum.


Ekki eru tengsl á milli fíkniefnabrota og íbúafjölda þegar Miðborg er tekin með, en ef hún er tekin út kemur í ljós að tengsl eru þarna á milli á öðrum svæðum höfuðborgarsvæðisins. Þegar tekið er tillit til íbúafjölda eru fíkniefnabrot mun tíðari í Laugardal og Breiðholti en á öðrum svæðum, en færri t.d. í Kópavogi og Mosfellsbæ (mynd 53).



Mynd 53. Einföld aðhvarfsgreining á dreifingu fíkniefnabrota árið 2008 eftir fjölda íbúa í hverju hverfi fyrir sig.

Innbrot


Mynd 54 sýnir fjölda innbrota á hverja 10.000 íbúa eftir löggæslusvæðum. Fram kemur að dreifingin er jafnari en þegar ofbeldis- og fíkniefnabrot eru skoðuð. Árið 2008 áttu þó fleiri innbrot sér stað innan svæðis lögreglustöðvar 5 heldur en á hinum svæðunum eða 171, en svæði 1 er þar ekki langt á eftir með 130 innbrot á hverja 10.000 íbúa. Innan við 100 innbrot voru á hverja 10.000 íbúa á hinum svæðunum, þar af fæst á svæði lögreglustöðvar 2 eða 79. Á öllum svæðunum fjölgaði innbrotum miðað við íbúafjölda frá árinu á undan.



Mynd 54. Fjöldi innbrota á hverja 10.000 íbúa árin 2006 til 2008, greint eftir löggæslusvæðum.


Mynd 55 sýnir að flest innbrot áttu sér stað í Miðborg þegar tekið er tillit til íbúafjölda, eða um 403 á hverja 10.000 íbúa sem er veruleg fjölgun frá árinu á undan. Þar á eftir kemur Laugardalur með 185 og Hlíðar með 141 skráð innbrot. Fæst voru innbrot miðað við íbúafjölda á Álftanesi, Seltjarnarnesi og í Grafarholti og Norðlingaholti, en á þessum svæðum voru innan við 50 innbrot á hverja 10.000 íbúa. Sjá má að innbrotum fjölgaði nokkuð á flestum svæðum í hlutfalli við íbúafjölda árið 2008 samanborið við fyrra ár og var fjölgunin sérstaklega mikil í Miðborg, Hlíðum og Garðabæ. Innbrotum fækkaði mest í Árbæ, Háaleiti og á Seltjarnarnesi.





Mynd 55. Fjöldi innbrota á hverja 10.000 íbúa árin 2006 til 2008, greint eftir svæðum.


Mynd 56 sýnir tengsl innbrota og íbúafjölda eftir svæðum. Sem fyrr sker Miðborgin sig það mikið úr að hún er ekki höfð með hér. Þegar önnur hverfi borgarinnar eru skoðuð vekur athygli að innbrot í Laugardal eru óvenju mörg ef miðað er við íbúafjölda. Hins vegar eru innbrot hvergi færri en í Háaleiti, á Seltjarnarnesi og Álftanesi að teknu tilliti til íbúafjölda.



Mynd 56. Einföld aðhvarfsgreining á dreifingu innbrota árið 2008 eftir fjölda íbúa í hverju hverfi fyrir sig.


Eignaspjöll

Á mynd 57 sést hvernig eignaspjöll dreifast eftir löggæslusvæðum ef miðað er við íbúafjölda. Eignaspjöllum fækkaði á öllum svæðum miðað við íbúafjölda nema á einu þar sem fjöldinn stóð í stað frá árinu á undan.




Mynd 57. Fjöldi innbrota á hverja 10.000 íbúa árin 2006 til 2008, greint eftir löggæslusvæðum.

Fram kemur að árið 2008 áttu flest eignaspjöll sér stað á svæði lögreglustöðvar 5 eða 164 brot. Ef litið er á mynd 58 sést að yfirgnæfandi meirihluti eignaspjalla átti sér stað í Miðborg á hverja 10.000 íbúa eða 394 skráð brot. Laugardalur, Háaleiti og Hlíðar sem tilheyra svæði lögreglustöðvar 1 koma næst með á bilinu 102 til 123 skráð eignaspjöll. Fæst voru eignaspjöllin á Seltjarnarnesi árið 2008 eða innan við 40 á hverja 10.000 íbúa. Á flestum svæðum fækkaði tilkynningum um eignaspjöll árið 2008 frá árinu á undan, en einna mest í Grafarvogi. Á sama tíma fjölgaði eignaspjölum í Garðabæ, Grafarholti og Norðlingaholti.



Mynd 58. Fjöldi eignaspjalla á hverja 10.000 íbúa árin 2006 til 2008, greint eftir svæðum.

Þegar tekið er tillit til íbúafjölda í dreifingu eignaspjalla kemur í ljós að nokkuð sterk tengsl eru á milli íbúafjölda og fjölda eignaspjalla á svæðum höfuðborgarsvæðisins eftir að Miðborg hefur verið tekin út. Færri eignaspjöll miðað við íbúafjölda áttu sér t.d. stað í Kópavogi og á Seltjarnarnesi en annars staðar og fleiri brot áttu sér stað í Laugardal og Háaleiti miðað við íbúafjölda en gengur og gerist (mynd 59).




Mynd 59. Einföld aðhvarfsgreining á dreifingu eignaspjalla árið 2008 eftir fjölda íbúa í hverju hverfi fyrir sig.




Nytjastuldur

Þegar dreifing nytjastulda miðað við íbúafjölda er skoðuð eftir löggæslusvæðum sést að dreifingin er með jafnara móti miðað við önnur brot, en þó var tilkynnt um fæsta nytjastuldi á svæði lögreglustöðvar 2 á hverja 10.000 íbúa árið 2008. Nytjastuldum fækkaði frá árinu áður á öllum svæðunum nema á svæði lögreglustöðvar 4, en innan þess svæðis eru bæði Grafarvogur og Árbær og er fjöldi nytjastulda þar með því hærra sem gerist á höfuðborgarsvæðinu sé miðað við fjölda íbúa (mynd 60). Kann skýringin að felast m.a. í fjölda bílasala sem staðsettar eru á svæðinu.




Mynd 60. Fjöldi nytjastulda á hverja 10.000 íbúa árin 2006 til 2008, greint eftir löggæslusvæðum.

Mynd 61 sýnir fjölda nytjastulda á hverja 10.000 íbúa eftir svæðum. Þó dreifingin sé jafnari en í mörgum öðrum brotaflokkum kemur fram að árið 2008 áttu fleiri nytjastuldir sér stað í Miðborg á hverja 10.000 íbúa en á öðrum svæðum, eða 46 sem er svipað og árið áður. Í Árbæ, Grafarvogi og Laugardal voru skráðir innan við 25 nytjastuldir á hverja 10.000 íbúa. Færri nytjastuldir voru skráðir á Seltjarnarnesi og í Grafarholti og Norðlingaholti heldur en nokkru öðru svæði miðað við íbúafjölda árið 2008 eða tveir (mynd 60).



Mynd 61. Fjöldi nytjastulda á hverja 10.000 íbúa árin 2006 til 2008, greint eftir svæðum.

Mynd 62 sýnir dreifingu nytjastulda eftir svæðum þegar tekið hefur verið tillit til íbúafjölda og Miðborg tekin út. Fjöldi nytjastulda er óvenju hár í Grafarvogi miðað við önnur svæði að teknu tilliti til íbúafjölda. Fjöldinn er hinsvegar lægri í Vesturbæ miðað við íbúafjölda en á öðrum svæðum.



Mynd 62. Einföld aðhvarfsgreining á dreifingu nytjastulda árið 2008 eftir fjölda íbúa í hverju hverfi fyrir sig.

Samantekt

Árið 2008 fjölgaði hegningarlaga brotum á höfuðborgarsvæðinu frá árinu áður. Þegar brotaflokkar eru skoðaðir er athyglivert að sjá að auðgunar brotum sem hafði fækkað árið 2007, fjölgaði um þriðjung árið 2008. Þer sú fjölgun í raun uppi þá fjölgun sem átti sér stað í flokki hegningarlaga brota, enda eru þetta tíðustu brotin og vega því þungt í tölum yfir almenn hegningarlaga brot. Þjófnaðar brotum fjölgaði jafnt og þétt frá byrjun ársins, en í júlí hófst svo hrina innbrota sem náði hámarki við árslok. Efnahagskreppan sem skall á í október 2008 kann að hafa haft einhver áhrif á fjölda brota, en erfitt er að greina tengslin þar á milli.

Þessi mikla fjölgun tilkynninga vegna þjófnaða og innbrota eru helstu ótíðindin sem skýrslan færir. Þó er áframhaldandi fjölgun kynferðisbrota einnig áhyggjuefni. Fjölgun kynferðisbrota á síðustu árum vekur upp spurningar um ástæður. Hugsanlega kunna svör að felast m.a. í því að aukin umræða hvetji til þess að kynferðisbrotamál komist fremur upp á yfirborðið og þannig fjölgi kærur. Breytingar á lögum um kynferðisbrot frá 2007 eiga svo sinn þátt í þróuninni, þar sem kynræðisaldur var færður upp.

Jákvæðu tíðindi skýrslunnar eru m.a. þau að ofbeldis brotum fækkaði verulega árið 2008 eftir fjölgun undanfarinna ára. Þá fækkaði eignaspjöllum, nytjastuldum og fíkniefnabrotum annað árið í röð.

Ef litið er á dreifingu brota eftir svæðum kemur í ljós að Miðborg gnæfir yfir önnur svæði hvað varðar fjölda brota. Höfuðborgarsvæðinu er skipt í fimm svæði hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu eftir umdæmum lögreglustöðva og eru hegningarlaga brot tíðust á svæði lögreglustöðvar 5 sem nær yfir Miðborg, Vesturbæ og Seltjarnarnes, þrátt fyrir að brot séu fátíðari á síðarnefndu svæðunum en víða annars staðar. Þannig voru skráð 921 hegningarlaga brot á svæði lögreglustöðvar 5 á hverja 10.000 íbúa en 2.360 hegningarlaga brot í Miðborg á hverja 10.000 íbúa þar. Næst flest hegningarlaga brot áttu sér stað í austurborginni á svæði lögreglustöðvar 2 eða 657 brot á hverja 10.000 íbúa, en innan þess eru Hlíðar, Háaleiti og Laugardalur sem liggja næst Miðborg og hafa öll fremur háa tíðni brota. Færri hegningarlaga brot áttu sér stað á svæði lögreglustöðvar 2 en á hinum svæðunum fjórum eða 310 á hverja 10.000 íbúa, en innan svæðisins eru Hafnarfjörður, Garðabær og Álftanes.


Hærra hlutfall brota á sér stað í Miðborg en á öðrum svæðum höfuðborgarinnar og nágrennis. Hafa ber í huga að mikill hluti þessara brota á sér stað á afmörkuðum tíma og á afmörkuðu svæði innan Miðborgarhverfisins þegar skemmtanalíf borgarbúa fer þar fram um helgar. Þannig á yfirgnæfandi meirihluti ofbeldisbrota sér jafnan stað í miðborginni, en þau brot tengjast að miklu leyti næturlífinu. Það á sinn þátt í því að færri borgarbúar telja sig örugga á gangi að næturlagi um helgar í miðborginni heldur en mælst hefur í fyrri könnunum. Fjölmiðlaumfjöllun um afbrot í miðborginni hefur sitt að segja um hvernig borgararnir skynja hættuna þar og birtist það m.a. þannig að öryggisleysið eykst almennt eftir því sem fólk býr lengra frá miðborginni. Hinsvegar fjölgar þeim á milli ára sem telja sig örugga í sínu hverfi eftir að skyggja tekur.

Þessar niðurstöður eru ánægjulegar enda hefur lögreglan það að markmiði að stuðla að auknu öryggi íbúanna á höfuðborgarsvæðinu. Markmið embættisins um 5 prósentu fækkun brota á ári hverju miðað við meðaltal síðustu þriggja ára náðist þó ekki árið 2008. Nokkuð verk er fyrir höndum að stemma stigum við fjölgun auðgunarbrota og ekki síst innbrota sem eru helsta áhyggjuefni borgarbúa. Skýrsla þessi gefur engu að síður tilefni til bjartsýni, þar sem brotum fækkar á milli ára í brotaflokkum eins og ofbeldisbrotum, eignaspjöllum og nytjastuldum, auk þess sem ánægja með þjónustu lögreglu eykst á milli ára og fleiri telja hana sýnilegri.




Viðauki


Hér eru teknar saman upplýsingar um efnahagsstöðu í hverfum/svæðum. Samkvæmt ýmsum rannsóknum hefur efnahagsleg staða hverfa áhrif á tíðni afbrota, þ.e. eftir því sem efnahagsstaða hverfis er lakari því líkleggra er að tíðni afbrota og frávikshægðunar sé hærrí. Hér fyrir neðan eru upplýsingar um ýmsa þætti sem gefa vísendingar um efnahagsstöðu hverfis, þó ekki sé um algildan mælikvarða að ræða.



Mynd v1. Meðalatvinnutekjur í þúsundum króna greint eftir svæðum árið 2008.



Mynd v2. Hlutfall íbúa sem fengu fjárhagslega aðstoð frá félagsþjónustu, greint eftir svæðum árið 2008.



Mynd v3. Fjöldi félagslegra íbúða á hverja 10.000 íbúa eftir svæðum árið 2008.